



# FRÉTTABLAÐIÐ

## Fá kvartmilljarð á tíu vikum fyrir Covid-hraðprófin

gar@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) höfðu um síðustu mánaðamót greitt einkaaðilum 240 milljónir króna fyrir hraðpróf vegna kórónaveirunnar.

Svandís Svavarsdóttir, þáverandi heilbrigðisráðherra, setti í september reglugerð um að Sjúkratryggingar greiddu fyrir töku hraðprófa hjá einkaaðilum frá 20. september. „Markmiðið er að auka aðgengi almennings að hraðprófum þar sem fleiri aðilum verður kleift að bjóða þessa þjónustu, notendum að kostnaðarlausu, óháð tilgangi prófanna,“ sagði í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu 17. september.

„Í lok nóvember síðastliðins höfðu Sjúkratryggingar Íslands greitt tæplega 240 milljónir króna,“ segir í svari frá SÍ til Fréttablaðsins. Um er að ræða greiðslu fyrir tíu vikna tímabil.

Einkaaðilarnir sem um ræðir eru á BSÍ, í Kringlunni, á Kleppsmýrarvegi í Reykjavík, á Adalgötu í Reykjanesbæ og við Háskólann á Akureyri.

Þá annast Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (HH) hraðpróf við Suðurlandsbraut og sýnatökur eru á heilbrigðisstofnunum um allt land.

Óskar Reykdalsson, forstjóri HH, segir kostnað stofnunarinnar í heild við allar sýnatökur á flugvelli og á Suðurlandsbraut vera 460 milljónir króna á fyrstu tíu mánuðum ársins.



Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

„Hraðgreiningarprófum hefur fjölgað mikið að undanförunu. Við tókum 26 þúsund sýni á mánuði í júlí og ágúst en síðan þá er aukning og núna förum við stundum yfir sex þúsund sýnatökur á dag,“ segir Óskar.

Ákvörðun heilbrigðisráðherra var tekin í kjölfar breyttra sóttvarnareglna sem heimiluðu að halda allt að 1.500 manna viðburði ef allir gestir fæddir 2005 eða fyrr sýndu neikvæða niðurstöðu úr hraðprófi. Leyfðar voru skemmtanir í grunn- og framhaldsskólum, án nálægðartakmarkana og grímuskyldu ef gestir sýndu neikvætt hraðpróf.

„Til að innleiðing hraðprófa skili tilgangi sínum um að auka möguleika fólks til að sækja margvislega viðburði og stunda menningarlíf er mikilvægt að greitt aðgengi sé að hraðprófum og að kostnaður vegna þeirra sé ekki íþyngjandi. Þess vegna hefur heilbrigðisráðherra ákveðið að bæði opinberir aðilar og einkaaðilar geti boðið prófin án endurgjalds,“ var útskýrt í tilkynningu ráðuneytisins. ■

## Steinnun Ása kemst í strætó

**SAMGÖNGUR** Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, sjónvarpskona og baráttukona fyrir réttindum fatlaðra, segir Strætó hafa tekið vel í ábendingar frá henni sjálfri og þroskahjálp um vankanta sem snúi að öryrkjum í nýju greiðsluferfi Strætó.

Hún er nú komin með Strætókort og búin að læra á kerfið. **SJÁ SIÐU 2**

## Mentólsígarettur verða bannaðar

**HEILBRIGÐISMÁL** Til stendur að breyta tóbaksvarnalögum þannig að bragðbættar sigarettur verði bannaðar. Sigarettur með mentólbragði munu þá heyrast sögunni til.

Ekki liggur fyrir hvað fleira verður í nýju lögum en sérfræðingur hjá Embætti landlæknis segir að níkotínþúðar séu nú stærsta áskorunin. **SJÁ SIÐU 4**



Tökur á sjónvarpsþáttaröðinni The Flight Attendant fyrir HBO fóru fram á Skólavörðustíg í gær. Leikkonan Kaley Cuoco rölti um miðbæ Reykjavíkur og lýsti honum sem jólandandi. **SJÁ SIÐU 10** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Mitsubishi Eclipse Cross PHEV

## Nýja ljósið í skammdeginu

Komdu í heimsókn í dag og gæddu þér á jólalegum veitingum. Tryggðu þér nýjan tengiltvinnbíl fyrir áramót á frábæru verði frá aðeins 5.490.000 kr. til afhendingar strax.

HEKLA · sími 590 5000 · Laugavegi 170 · hekla.is/mitsubishisalur

\*Um áramót falla niður lívilanir stjórnvalda og þar með niðurfellingar á virðisaukaskattinum sem eru um 960.000 kr.



Sparaðu 960.000 kr.\*

## Meðlimum fjölga mest í Siðmennt

bth@frettabladid.is

**TRÚFÉLÖG** Frá 1. desember 2020 hefur mest fjölgun orðið meðal trú- og lífsskoðunarfélaga í Siðmennt þar sem fjölgað hefur um 579 meðlimi, eða um 14,3 prósent, til 1. desember síðastliðins, samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá.

Í Ásatrúarfélaginu varð átta prósent fjölgun, þar sem 406 meðlimir bættust við.

Alls voru 229.314 skráðir í þjóðkirkjuna þann 1. desember síðastliðinn samkvæmt Þjóðskrá. Hefur skráðum í þjóðkirkjuna fækkað um 403 síðastliðna tólf mánuði.



Alls voru 29.139 einstaklingar skráðir utan trú- og lífsskoðunarfélaga um síðustu mánaðamót.

Næstfjölmennasta trúfélag landsins er Kaþólska kirkjan með 14.739 skráða og hefur þeim fjölgað um 88 síðastliðið ár eða um 0,6 prósent.

Alls voru 29.139 einstaklingar skráðir utan trú- og lífsskoðunarfélaga 1. desember síðastliðinn eða 7,8 prósent landsmanna. ■

## Svöruðu kallinu



Blóðbankinn við Snorrabraut hefur skorað á blóðgjafa að panta tíma og mæta í blóðgjöf. Þessir blóðgjafar svöruðu kallinu og voru í óðaönn að gefa blóð þegar ljósmyndara bar að garði í gær. Undanfarnar vikur hefur verið mikil notkun á blóði og nú hallar verulega á öryggisbirgðir. Auglýsir bankinn nú sérstaklega eftir blóði í O plús, O mínus, A plús og B mínus. Nú þegar landsmenn eru orðnir þaulvanir sprautum er lítið um afsakanir. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

## Næsthæsta hlutfall karla hér á Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Kynjahlutfall á Íslandi er mjög á skjön við meðaltal Evrópu samkvæmt tölum frá Eurostat, tölfræðistofnun Evrópu.

Á öllu ESB- og EES-svæðinu eru konur um 5 prósentum fjölmennari, sem skýrist meðal annars af hærri meðalaldri kvenna en karla. Hér á Íslandi eru karlmenn hins vegar rúmlega 5 prósentum fleiri.

Aðeins Malta hefur herra hlutfall karlmanna en Ísland og í aðeins fjórum öðrum löndum eru karlar fleiri en konur, Svíþjóð, Noregi, Lúxemborg og Slóveníu. Eyrstrasaltslöndin hafa hæst hlutfall kvenna, 10 prósentum fleiri. Það skýrist líklega af fjölda karla sem starfa erlendis.

Þegar um börn er að ræða eru drengir í meirihluta í öllum Evrópulöndum. Á Íslandi eru þeir um 5 prósentum fleiri en stúlkur. Er það



Fleiri drengir fæðast en stúlkurnar lífa lengur. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

nærri Evrópuhlutfallinu og mjög í samræmi við líffræði mannsins því kynjahlutföll eru ekki jöfn við fæðingu, heldur eru 5 prósent hærri líkur á að drengir fæðist en stúlkur.

Af 65 ára og eldri er Ísland með fæstar konur. Þær eru um 9 prósentum fleiri en karlar. Þetta er um 20 prósentum undir Evrópumeðaltali. Í Eyrstrasaltslöndunum eru tver aldradar konur á hvern aldradan karl. ■

# Fargi létt af Steinunni Ásu sem keypti árskort í Strætó

Steinunn Ása Þorvaldsdóttir segir Strætó hafa tekið vel í ábendingar frá henni sjálfri og Þroskahjálpi um vankanta sem snúi að öryrkjum í nýju greiðslukerfi Strætó. Hún er nú komin með Strætókort og búin að læra á kerfið.

birnadrofn@frettabladid.is

**SAMGÖNGUR** „Ég er ótrúlega glöð og það er þungu fargi af mér létt,“ segir Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, sjónvarpskona og baráttukona fyrir réttindum fatlaðra, sem loksins er aftur komin með Strætókort.

Steinunn greindi frá því í síðustu viku að hún gæti ekki lengur tekið strætó eftir að nýtt greiðslukerfi Strætó var tekið í gagnid, sem Steinunni fannst flókið.

Einnig hefur verið greint frá að sá hópur sem ekki sé með rafræn skilríki geti ekki auðkennt sig í kerfinu til að virkja öryrkjaafslátt og kaupa miða eða strætókort. Öryrkjar fá 70 prósentu afslátt af strætófargjöldum.

Steinunn Ása segir Strætó hafa brugðist vel við þeim ábendingum sem bæði hún og samtökin Þroskahjálpi hafi komið til þeirra.

Strætó tók í kjölfar ábendinga frá Steinunni og Þroskahjálpi í gagnid hjálpsíma fyrir öryrkja ásamt því að taka á móti öllum þeim sem þurfa að aðstoð að halda við nýja kerfið í höfuðstöðvum Strætó.

„Ég klæddi mig í sparikjól í morgun og fór til þeirra og fékk aðstoð og er búin að læra á kerfið og komin með árskort,“ segir Steinunn. Hún er ekki með bílpróf og notar strætó á hverjum degi.

Steinunn segir mikinn létti að vera komin með kortið, henni finnst erfið að vera upp á aðra komin.

„Núna get ég notið þess að ferðast með Strætó þegar ég þarf þess og ég mæli með því að þau sem vantar



Steinunn Ása segist stolt af því að hafa ekki gefist upp og er ánægð með að vera komin aftur með Strætókort. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**



Við búumst við næsta stóra hóp inn í kerfið í byrjun janúar.



Guðmundur Heiðar Helguson, upplýsinga- fulltrúi Strætó

aðstoð sæki sér hana og séu ekki hrædd við þessa nýju tækni,“ segir Steinunn.

Guðmundur Heiðar Helguson, upplýsinga- fulltrúi Strætó, segist afar ánægður með að heyra af ánægju Steinunnar og að hún geti nú ferðast með strætó á ný. Hann segir að nokkuð rólegt hafi verið í hjálpsímanum sem opnaður hafi verið en að um tuttugu manns hafi komið í höfuðstöðvar Strætó og fengið aðstoð við að kaupa farmiða með öryrkjaafslætti.

„Þegar við innleiddum Klappið [nýja greiðslukerfið], þá er það þannig að fólk með gamalt Strætó- kort leyfir gildistíma þess að renna út áður en það skiptir í nýja kerfið,“ segir Guðmundur. „Svo við búumst við næsta stóra hóp inn í kerfið í byrjun janúar.“ ■

Ný sending af gæðarúmunum frá Dupen

Sjá nánar á patti.is



Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti HÚSGÖGN



TOYOTA HILUX

# ÞJARKUR BÚINN ÞÆGINDUM

MEÐ AFKASTAMEIRI VÉL OG  
AUKINNI DRÁTTARGETU



Verð frá: 7.470.000 kr.

Kaupuki við aukahlutina þína að verðmæti

# 570.000 kr.

Þú kaupir aukahluti\* að eigin vali fyrir að lágmarki 300.000 kr. og færð aukalega 33" breytingu, heilsársdekk og felgur.

TOYOTA TRYGGINGAR  
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni  
Kaupúni 6  
570 5070

Toyota Akureyri  
Baldursnesi 1  
460 4300

Toyota Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 19  
420 6600

Toyota Selfossi  
Fosnesi 14  
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. \*Á ekki við um aðgerðir/aðkeypta hluti frá þriðja aðila. Gildir ekki með öðrum tilboðum eða LX útfærslu Hilux og á eingöngu við um nýja bíla. Birt með fyrirvara um villur.

## Stuðningur við barnafjölskyldur með minnsta móti

bth@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Stuðningur stjórnvalda við fjölskyldur vinnandi fólks í formi barnabóta, vaxtabóta og húsaleigubóta var mun meiri á árunum 1988 til 1996 en nú er. Þetta kemur fram í OECD-gögnum sem vitnað er til í úttekt Stefáns Ólafssonar prófessors í Kjarfréttum Eflingar.

Stuðningurinn rýrnadi á áratugnum fram að hrúni. Hann jókst svo mikið eftir hrún og munadi mestu um vaxtabætur.

„Eftir 2013 hefur stuðningur við heimilin minnkað verulega á ný og er nú með minnsta móti,“ segir í úttektinni.

Ríkisstjórnin hefur gefið út að barnabætur verði hækkaðar. ■



Aðeins á Spáni hækkaði skatthlutfallið meira. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Meira för í skatta í fyrra en árið áður

kristinnhaukur@frettabladid.is

**EFNAHAGSMÁL** Skatthlutfall af landsframleiðslu hækkaði um 1,25 prósent hér á landi milli áraanna 2019 og 2020. Hlutfallið fór úr 34,84 prósentum í 36,09. Þetta kemur fram í nýrri samanburðarskýrslu OECD um áhrifaraldursins á skatthlutfall.

Helsta niðurstaða skýrslunnar fyrir svæðið í heild er sú að faraldurinn hefur haft minni áhrif en fyrri krísur, einkum vegna stuðningsaðgerða stjórnvalda í hverju landi. Meðalhækkunin á svæðinu öllu er aðeins 0,1 prósent og skýrist fyrst og fremst af því að landsframleiðsla dróst saman frekar en að skattar hafi beinlínis verið hækkaðir.

Ísland er það land sem hlutfallið hækkaði næstmest, en á Spáni hækkaði skatthlutfallið um nærri 2 prósent. Ísland er enn þá með lægsta skatthlutfallið á Norðurlöndunum, en ólíkt Íslandi lækkaði það milli ára í hinum. ■

# Mentólsígarettur verða senn bannaðar á Íslandi

kristinnhaukur@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Bragðbættar sigarettur verða bannaðar með nýjum tóbaksvarnalögum. Breytinga er þörf vegna Evróputilskipunar frá 2014. Þær hafa tafist vegna málaferla í Noregi og Liechtenstein.

„Það sem verður mest áberandi eru nýjar viðvörðunarkerkingar á tóbak og það er löngu orðið tímaþætt að uppfæra þær,“ segir Hafsteinn Viðar Jensson, verkefnisstjóri hjá Landlækni



Hafsteinn Viðar Jensson, verkefnisstjóri hjá Landlækni

tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis. „Bann við bragðbætingu á tóbaki er fyrst og fremst hugsað út frá því að tóbak eigi að bragðast og líta út eins og tóbak en sé ekki gert freistandi, einkum fyrir ungt fólk, með bragðefnum.“

Gera á ný heildarlög um tóbaksvarnir en ekki liggur fyrir hvernig þau verða. Mikið hefur áunnist í tóbaksvörnum á 50 árum og reykingar á miklu undanhaldi. Stóra áskorunin eru nikótínþúðarnir,

sem eru vinsælir hjá ungu fólki. Í vor náði frumvarp um að fella þá inn í löggjöf um rafrettur ekki í gegn.

Hafsteinn segir að setja þurfi lög og reglur um þúðana því þá megi auglýsa þúðana og hafa sýnilega á almennum sölustöðum.

„Þar sem það hefur sýnt sig að stjórnvaldsaðgerðir eins og hér er fjallað um eru hvað áhrifaríkastar í baráttunni við tóbaksnotkun er það okkar trú að þær muni hafa áhrif,“ segir hann. ■

# Naglahjólbarðar slíta gatnakerfinu fjörutíu sinnum meira en ónegldir

Engin þörf fyrir nagladekk í borginni þótt aðrar aðstæður séu úti á landi, segir sérfræðingur Umhverfisstofnunar. Borgin ætlar ekki að snúa aftur til negldra dekkja þrátt fyrir gagnrýni.

bth@frettabladid.is

**UMHVERFISMÁL** Nagladekk slíta götum 40 sinnum meira en ónegld dekk samkvæmt nýrri norski rannsókn. Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur í loftgæðamálum hjá Umhverfisstofnun, segir að þrátt fyrir dæmi um förnarkostnað sé til mikils að vinna að koma sem mest í veg fyrir nagladekkjanotkun.

Starfsmenn á borgarbílum hafa sjálfir gagnrýnt þá stefnu Reykjavíkurborgar að nánast engir bílar í eigu borgarinnar séu nú á nagladekkjum fyrir utan sorphirðubíla. Eftir að Fréttablaðið fjallaði um negld ökutæki á vegum borgarinnar á sama tíma og borgin hvatti einstaklinga til að láta af nagladekkjanotkun var ákveðið að aðeins sorphirðubílar yrðu á negldum dekkjum. Í gærmorgun var flughált og dæmi um árekstra, þar sem negld dekk hefðu hugsanlega getað komið í veg fyrir tjón. Morgunblaðið greindi frá því að starfsmaður sem sinnir heimahjúkrun á vegum Reykjavíkurborgar upplifði óöryggi í að vera ekki á negldum dekkjum.

Þorsteinn Jóhannsson hjá Umhverfisstofnun segir að naglarnir geri sannarlega gagn við ákveðnar aðstæður, einkum á blautu svelli. Almennt sé þó vetrarþjónusta mjög góð í borginni og til mikils sé að vinna að hamla gegn svifryki sem kostar heilsu og tugi mannlífa ár hvert.



Svifryk vegna nagladekkja er mikið. Eðlilegt sé að þeir sem sliti götum og spilli loftgæðum borgi fyrir það sérstakt gjald.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Varðandi slysin sýna rannsóknir að heilt yfir verða hugsanlega fleiri smávægileg óhöpp ef ekki eru naglar.



Þorsteinn Jóhannsson, sérfræðingur hjá UST

Í frumvarpi þingflokks Samfylkingarinnar um að sveitarfélög fái heimildir til að sekta vegna nagladekkja segir að naglar sliti malbiki allt að 20 sinnum meira en bílar á ónegldum dekkjum. Þorsteinn segir þetta mjög varfærna tölur.

„Nýlegar rannsóknir í Noregi sýna allt að fjörutíufaldan mun,“ segir Þorsteinn. Hann segir að út af slitinu einu og sér sé eðlilegt að ökumenn á negldum dekkjum greiði aukagjald umfram hina ónegldu.

„Varðandi slysin sýna rannsóknir að heilt yfir verða hugsanlega fleiri smávægileg óhöpp ef ekki eru naglar. Sumar rannsóknir sýna þó engan mun. Ein rannsókn í Finnlandi sýnir meiri slysatíðni hjá þeim sem aka úti á landi naglalausir,“ bætir Þorsteinn við.

Þorsteinn sér fyrir sér að ef frumvarp um gjaldtökuheimild sveitarfélaga fari í gegn muni varla nokkur

sveitarfélög utan höfuðborgarsvæðisins nýta sér heimildina, enda aðstæður gjörólíkar á Vestfjörðum eða á Akureyri en á höfuðborgarsvæðinu.

„Ef þú frá Ísafirði þarf að skreppa til Reykjavíkur á negldum dekkjum mætti útfæra gjaldtöku með dagspassa. Hann myndi kannski greiða 100 krónur fyrir heimsóknina eins og gjald í stöðumæli.“

Guðmundur Friðriksson, á skrifstofu umhverfisgæða hjá Reykjavíkurborg, segir að þrátt fyrir gagnrýni sé borgin á réttri leið.

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs og borgarfulltrúi Viðreisnar, segir að borgin þurfi að sýna gott fordæmi. Allir sem aki innan þéttbýlis geti hætt að nota nagladekk.

„Ég þekki það vel sjálf, þar sem ég bý í efri byggðum. Fyrst var ég efins en áhyggjurnar voru óþarfi.“ ■



## 100% RAFMÖGNUM ÍTÖLSK HÖNNUN

FIAT 500e ER FYRSTI FALLEGI  
RAFMAGNSSMÁBÍLLINN.

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

TÍMALAUS ÍTÖLSK HÖNNUN  
MEÐ ALLT AÐ 460 KM DRÆGNI.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



**11. & 12. DES.**  
**KL. 14:00 & 16:00**

LITLI TÓNSPROTINN  
**JÓLATÓNLEIKAR**  
**SINFÓNÍUNNAR**

Gullfallegir jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu eru sannkölluð hátíð fyrir alla fjölskylduna. Eftirlætis jólatónlist allra, meðal annars *Yfir fannhvíta jörð*, *Hin fyrstu jól* og *Gilsbakkapula*. Fjöldi gesta kemur fram með hljómsveitinni á þessum tónleikum.

Hljómsveitarstjóri

**Eva Ollikainen**

Einsöngvarar

**Bryndís Guðjónsdóttir**  
**Valdimar Guðmundsson og**  
**Kolbrún Völkudóttir**

Kórar

**Stúlnakór Reykjavíkur**  
**og Aurora**

**Bjöllukór Tónlistarskóla**  
**Reykjanesbæjar**

**Táknmálskórinn**  
**Litlu sprotarnir**

Dansarar

**úr Listdanskóla Íslands**

Tónlistarhópar

**Flautuhópur úr**  
**Skólahljómsveit Kópavogs,**  
**Tónlistarskólanum á Akureyri**  
**og Tónlistarskóla Eyjafjarðar**

**Gítarhópur úr**  
**Tónlistarskóla Hafnarfjarðar**

Kynnir

**Trúðurinn Aðalheiður**

Miðasala  
**sinfonia.is**

Sími  
**528 5050**



KONTOR REYKJAVÍK

KONTOR REYKJAVÍK

# Efni í Fidget-leikföngum sem geta truflað innkirtlastarfsemi

ninarichter@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Hin vinsælu Fidget-leikföng geta innihaldið skaðleg efni sem valda til dæmis truflunum á innkirtlastarfsemi barna.

Þetta er niðurstaða rannsóknar á vegum dönsku neytendasamtakanna Tænk kemi, sem prófuðu 21 slíkt leikfang og komust að því að tæpur helmingur innihélt óþekkt og mögulega skaðleg innihaldsefni.

Sérfræðingar hjá Umhverfisstofnun hvetja neytendur til að kynna sér vottanir á leikföngum.

Ísak Sigurjón Bragason, teymisstjóri teymis efnamála hjá Umhverfisstofnun, nefnir mýkingarefni sem notuð eru í mjúkt plast í leikföngum, sem algengt vandamál.

„Að því marki er maður betur settur neytandi með hart plast frekar en mjúkt,“ segir Ísak sem hvetur fólk til að kynna sér helstu umhverfismerkingar, og nefnir þar Evrópublómíð og Svaninn sem dæmi.

„Það er styttri leið fyrir hinn almenna neytanda, að láta sérfræðingana vinna vinnuna fyrir sig,“ segir Ísak.



Kristín Helga Schiöth, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun

Ísak varar fólk við því að kaupa ódýra hluti af netinu. Þrátt fyrir að regluverkið í Evrópu banni þessi efni, þá sé hætt á að reglugerðum um efni í leikföngum sé ekki fylgt.

Kristín Helga Schiöth, sérfræðingur í teymi hringrásarhagkerfis hjá Umhverfisstofnun, segir að áætluð framleiðsla kemiskra efna á heimsvísu hafi margfaldast, árið 1930 hafi framleiðslan verið í kringum 1 milljón tonna árlega, en í dag sé hún í kringum 1.000 milljónir tonna árlega.

Þó að massi efna og skaðsemi sé

ekki tilgreind í þessum tölum, þá gefi þær hugmynd um umfangið. „Fólki hefur fjölgað líka, en við og börnin okkar erum umkringd dóti sem aldrei fyrr,“ segir hún.

Kristín Helga og Ísak vilja einnig beina orðum sínum til jólasveina, sem hvattir eru til að ihuga umhverfisáhrif skógjafa, en til að mynda séu ætar gjafir sniðugur valkostur.

„Fræ til að gefa fuglunum, maisbaunir fyrir poppkvöld, lífrænt vottað ávaxtanammi og piparkökukform úr áli eru allt góðir kostir,“ segir Kristín Helga. ■

## Áfall að missa Húsasmiðjuna

bth@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Mikil óánægja er meðal íbúa og verktaða á Húsavík með að Húsasmiðjan hyggist loka verslun sinni í bænum um áramót.

Framsýn stéttarfélag hefur formlega skorað á Húsasmiðjuna að endurskoða fyrri ákvörðun. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar, segir að hann hafi átt fund með forstjóra Byko ásamt fleirum fyrir skemmstu. Til skoðunar sé hvort Byko hefji rekstur á Húsavík.



Ég fullyrði að reksturinn hefur almennt gengið vel.



Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Framsýnar

„Það er gríðarlegt áfall að missa Húsasmiðjuna. Ég fullyrði að reksturinn hefur almennt gengið vel og það er búið að vera brjálað að gera vegna PCC á Bakka, þeistareykjavirkjunar og gangagerðar,“ segir Aðalsteinn. Samherji og Rifós séu einnig að byggja upp fiskeldi nærri Húsavík fyrir nokkra milljarða.

„Þetta er óskiljanleg ákvörðun,“ bætir hann við. Fulltrúar Byko séu mjög áhugasamir en hafi ekki gefið nein loforð. ■

# Meðstofnandi í eftirlitinu hjá Ísteka

Dýraverndarsamtökin AWF segja eftirlitsmann á vegum Ísteka, sem jafnframt er einn stofnandi fyrirtækisins, ekki hafa vírst hæfan til að sinna eftirliti með blóðtöku úr merum hjá birgjum Ísteka. Fulltrúar samtakanna hafi fylgst með störfum hans í boðsferð með Ísteka.

ingunnlara@frettabladid.is

**DÝRAHALD** Fulltrúar dýraverndarsamtakanna Animal Welfare Foundation (AWF) fóru í vettvangsferð á íslenskan blóðtökubæ í fylgd með Arnþóri Gunnlaugssyni, framkvæmdastjóra Ísteka, og öðrum manni sem kynnti sig sem meðstofnandi fyrirtækisins.

Í 120 blaðsíðna skýrslu samtakanna um blóðmerahald á Íslandi, byggðri á rannsókn frá árunum 2019 til 2021, kemur fram að þrátt fyrir fylgd fulltrúa Ísteka hafi dýraverndarsinnarnir orðið vitni að dýraníði. Samtökin telja meðstofnandann ekki geta sinnt eftirliti fyrir fyrirtækið.

Arnþór hafði deginum áður átt orðaskipti við fulltrúa samtakanna eftir að þau sáu mynduð blóðtöku á sveitabæ nálægt Hvolsvelli. Fyrr um daginn urðu dýraverndarsinnarnir varir við að einhver væri að elta þá. Arnþór viðurkendi að hafa sent dýralækni á eftir þeim og útskýrði að bændur væru áhyggjufullir yfir myndatökunni og að fyrirtækið vildi ekki að myndir yrðu birtar. Bauðst Arnþór til að sýna þeim persónulega hvernig blóðtaka færi fram á íslenskum bæjum og þáðu fulltrúarnir það boð.

Áður en dýraverndarsinnarnir gátu skoðað bæinn þurftu þeir að skrifa undir yfirlýsingu um að mynda ekkert á svæðinu, sem þeir



Blóðmeri í blóðtökubás á einum íslensku bæjanna þar sem blóðmerahald er stundað.

MYND/AWF



Hann situr mestallan tímann á einum stað og glósar sjaldan í bókina sína.

Úr skýrslu dýraverndunarsamtakanna AWF

gerðu áður en haldið var af stað í ferðina. Var meðstofnandinn með í ferðinni til að sinna reglulegri innri rannsókn fyrir hönd Ísteka. „Hann viðurkenni að þetta sé í fyrsta sinn sem hann tekur út þennan bæ,“ segir í skýrslunni.

Blóðtakan var þegar hafin þegar fulltrúarnir mættu á svæðið í fylgd með Ísteka. Þau fylgdust með þegar dýralæknir dró fimm lítra af blóði úr meri á 3,5 mínútum. Nokkrar merar hlupu að lokinni blóðtöku út í haga í átt að folöldum sínum en aðrar gengu burt hægt, mögulega vegna svíma, að sögn fulltrúa AWF.

„Meri streitist á móti bónda á leiðinni í blóðtökubás. Bóndinn og dóttir hans reyna að ýta merinni áfram án árangurs. Við fylgjumst með í laumi á meðan allir spjalla. Fyrst pota þau merina í kviðinn með hörðu plaströri, svo sparka þau

í afturfótinn og toga í taglið á henni. Merin veitir viðnám svo þau hætta að reyna að ýta við henni.“

Sögðust dýraverndarsinnarnir sjá stór plaströr og pipur á við og dreif um bæinn. „Bændurnir nota bara hendurnar til að ýta við merunum þegar þeir sjá okkur fylgjast með.“

Í skoðuninni bentu fulltrúar AWF eftirlitsmanninum ítrekað á atriði sem gætu mögulega skapað hættu fyrir merarnar. Viðbrögð hans ollu þeim vonbrigðum.

„Eftirlitsmaður Ísteka virðist ekki hafa til að sinna innri rannsókn fyrir hönd fyrirtækisins. Hann situr mestallan tímann á einum stað og glósar sjaldan í bókina sína. Þegar við bendum honum á skarpa brún við blóðmerabásinn sem gæti skorið í kjúkurnar á merunum segir hann brúnina ekki skapa neina hættu,“ segir í skýrslu AWF. ■

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

9-22  
OPIÐ ALLA DAGA

Renndu við í lúguna

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR  
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF  
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG  
Opið alla daga 9.00 - 22.00



# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ SPAÐANS!

---

**16” Pizza**  
af matseðli  
**1.600**

Í dag fylgja kanilstangir frítt  
með öllum pizzupöntunum

Fríar  
kanilstangir



Spaðinn Pizza · Fjarðargata 11 · Dalvegur 32b · [spadinn.is](http://spadinn.is)





Hermenn Úkraínu við landamærin.

## Úkraína nýtur stuðnings Bidens

arib@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Gervihnattarmyndir sýna mikla fjölgun í rússnesku herliði á landamærunum við Úkraínu. Myndirnar voru gerðar opinberar í gær en í dag mun Joe Biden Bandaríkjaforseti eiga símafund við Vladimir Pútín Rússlandsforseta.

Á fundinum hyggst Biden ítreka stuðning sinn við Úkraínu.

Biden sagði við blaðamenn fyrir helgi að Bandaríkin myndu gera það mjög erfitt fyrir Pútín ef hann hygðist gera innrás í Úkraínu. Samkvæmt gögnum sem Washington Post birti telur leyniþjónusta Bandaríkjanna að Rússar gætu hafið innrás snemma á næsta ári með um 175 þúsund hermönnum. ■

## Allir í borginni verði bólusettir

arib@frettabladid.is

**BANDARÍKIN** Allir sem starfa í New York-borg þurfa að sýna fram á að þeir séu bólusettir við Covid-19 fyrir áramót. Þetta tilkynnti Bill de Blasio borgarstjóri í gær. Reglurnar taka gildi 27. desember næstkomandi og ná til allra vinnuveitenda í borginni.



Bill de Blasio, borgarstjóri New York

Tilgangurinn er að reyna að ná tökum á Omíkrón-afbrigði Covid-19 og fleiri smitum á köldustu mánuðum ársins fram undan.

Anthony Fauci sóttvarnalæknir sagði um helgina að fyrstu gögn í tengslum við nýja afbrigðið væru uppörvandi.

New York-borg, sem og fleiri borgir, hafa sett á bólusettingarskyldu fyrir borgarstarfsmenn en til þessa hefur það ekki náð til starfsmanna í einkageiranum. ■

## Hyggjast birta þúsundir skjala

arib@frettabladid.is

**KANADA** Kanadíska ríkið hyggst birta þúsundir skjala um heimavistarskóla sem starfræktir voru fyrir börn frumbyggja í landinu. Skólarnir voru starfræktir á 19. öld og fram á tíunda áratug síðustu aldar og voru aðstæður hræðilegar.

Í sumar fundust hundruð ómerktra grafa barna við fyrrverandi heimavistarskóla og er fundurinn ekki einsdæmi.

Marc Miller, ráðherra frumbyggjamála, sagði við The Globe að afstæða kaþólsku kirkjunnar sem rak flesta skólana stæði í vegi fyrir afhendingu gagnanna. „Við þurfum að vinna með þessum kaþólsku stofnunum til að skapa sátt við þolendur,“ sagði Miller. ■

## Stoltur þríburafaðir



Ehsanullah, nýbakaður faðir þrjú barna í borginni Kandahar í Afganistan, sér ekki fram á að geta séð fyrir þeim. Er hann ræddi við blaðamann í gær þakkaði hann Guði fyrir að synir hans þrjú væru heilbrigðir, það yrði þó erfitt að eiga fyrir mat fyrir þá. Talibanar tóku völdin í landinu í haust og hefur alþjóðasamfélagið miklar áhyggjur af framhaldinu. Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna eiga 3,2 milljónir barna í landinu á hættu að verða vannærð. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fatlað ungt fólk með aðrar þarfir og hefur skert aðgengi að samfélaginu

Sífelld fleiri fatlaðir ungir einstaklingar búa á hjúkrunarheimilum þar sem þjónustan er sniðin að þörfum aldraðra. Framkvæmdastjóri MS-félagsins furðar sig á úrræðaleysi fyrir þennan hóp og segir þau nauðsynleg. Líta þurfi til félagslega þáttarins.

helenaros@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri MS-félags Íslands, segir rými hjúkrunarheimila ekki það eina sem henti ekki þörfum ungra fatlaðra einstaklinga. Mikilvægt sé að horfa til félagslega þáttarins.

„Það er til fullt af búsetukjörnum fyrir geðfatlaða en lausnin virðist vera að setja frekar okkar fólk á hjúkrunarheimili,“ segir hún.

Fréttablaðið hefur síðustu daga fjallað um vaxandi fjölda fatlaðra ungra einstaklinga sem búa með gömlu fólki á hjúkrunarheimilum, sumir gegn vilja sínum. Í dag búa 144 fatlaðir einstaklingar sem eru undir 67 ára á hjúkrunarheimilum.

Ríki og sveitarfélög benda hvert á annað þegar kemur að þjónustu við þennan hóp og telja að vinna þurfi að samningagerð þannig að hlutverk ríkis og sveitarfélaga séu skýr.

Heilbrigðisráðuneytinu er kunnugt um þróunina og segir hana til skoðunar.

Forstjóri Hrafnistu sagði þjónustu hjúkrunarheimila sniðna fyrir aldraða, það geti flækt málin umtalsvert að fá einstaklinga sem hafa allt aðrar þarfir inn á heimilin. Þá greiði ríkið daggjöld til hjúkrunarheimila fyrir einstaklinga en hætti að borga allt annað fyrir þá, jafnvel þó rík þörf sé á.



Forstjóri Hrafnistu segir mikilvægt að skoða afþreyingu fyrir yngri íbúa. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það er til fullt af búsetukjörnum fyrir geðfatlaða en lausnin virðist vera að setja frekar okkar fólk á hjúkrunarheimili.

Berglind Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri MS-félagsins

Daggjöldin dugi skammt fyrir öllum þeim sérþörfum sem ungra fólkíð kunnir að hafa.

Að sögn Berglindar er margt sem spilar inn í vistun fatlaðra ungra einstaklinga á hjúkrunarheimilum. Einstaklingarnir geti átt lítil börn og maka sem vilji njóta samvista við einstaklinginn. Þá sé aðbúnaðurinn, maturinn, tónlistin, dægradvöl og skemmtanir ekki í endilega í takt við áhuga þeirra og þarfir.

Fatlað ungt fólk á hjúkrunarheimilum hafi mjög skert aðgengi að samfélaginu fyrir utan það, nema til komi sérstök liðveisla frá sveitarfélaginu.

Undir þetta tekur María Fjöla Harðardóttir, forstjóri Hrafnistu og varaformaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu. Hún segir mikilvægt að skoða afþreyingu utan hjúkrunarheimila fyrir yngri íbúa.

„Mikilvægur þáttur eins og liðveisla og aðgengi að hjólastólabílum er nauðsynlegur, en þátttaka Sjúkratrygginga Íslands í slíkum kostnaði fellur niður þegar einstaklingur fer inn á hjúkrunarheimili.“

Berglind segir að það sem nauðsynlega þurfi að breytast sé baráttan, til séu úrræði fyrir fólk í þessari stöðu. „Að það þurfi ekki alltaf að fara að berjast.“ ■



# VEF SJOPPAN



**48%**  
AFSLÁTTUR

500 ml  
1000 ml  
1500 ml

Frábærir vatnsheldir silíkon pokar fyrir afganginn eða bara til að feraðst með súpuna eða matinn þinn.

**Silíkon Geymslupokar**

3 stk./pk.

Verð: 5.390 kr.

**Tilb.verð: 2.750 kr.**



**61%**  
AFSLÁTTUR

**Silíkon Teygjulok**

6 stk./pk.

Verð: 2.490 kr.

**Tilb.verð: 990 kr.**

Nýttu matarafgangna í stað þess að henda! Teygjulokin passa á flesta diska, skálar, glös, ávexti og krukkur. Hitapolið upp í 230° C.

## RÝMINGARSALA



Stór 33 x 36 cm  
Mið 26 x 28 cm  
Lítill 18 x 20 cm

**56%**  
AFSLÁTTUR

**Bý-Vax klútar**

3 stk./pk.

Verð: 3.200 kr.

**Tilb.verð: 1.390 kr.**

Hver kannast ekki við að berjast við að ná öllu úr hnetusmjörs krukkunni, þegar það vantar bara smávegis upp á að brauðsneiðin sé alveg fullkomin?

Prufaðu þessa sköfu og náðu hverjum einasta dropa.

**56%**  
AFSLÁTTUR

**Flöskuskafa**

Verð: 1.499 kr.

**Tilb.verð: 650 kr.**



**49%**  
AFSLÁTTUR

Hentar sérstaklega vel þegar þú ert að taka heitt fat út úr ofninum þannig að þú brennir þig síður á höndunum.

**Silíkon Ofnhanskar**

2 stk./pk.

Verð: 2.490 kr.

**Tilb.verð: 1.250 kr.**



Stór 33 x 36 cm  
Mið 26 x 28 cm  
Lítill 18 x 20 cm

**51%**  
AFSLÁTTUR

**Pönnuskafa**

2 stk./pk.

Verð: 1.2990 kr.

**Tilb.verð: 389 kr.**

Þessi frábæra skafa hentar sérstaklega vel í þetta, er einnig sniðug í að skera hveiti, skreyta köku og svo margt fleira sem hún nýtist svo vel í.



**51%**  
AFSLÁTTUR

Frábær sambrjótanleg drykkjarmál úr silíkon sem þola hita jafn sem kulda.

Henta vel í útileguna, skokkið, gönguferðina og að sjálfsögðu ferðalagið.

**Glas í vasa**

Verð: 1.750 kr.

**Tilb.verð: 850 kr.**

**CoCa**

**FULLKOMIN  
BLANDA**

fyrir notalegasta tíma ársins

**Californiu**  
**RÚSÍNUR**

**KRONAN**

Mmm...

**Gefðu gómsætar  
jólagjafir!**

Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



Mikið umstang og fjölmennt lið með mikið af tækjabúnaði setti svip sinn á miðbæinn í gær.  
FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK

## Drykkfelld flugfreyja tekin upp á Skólavörðustígnum

Tökur á annarri þáttaröð af *The Flight Attendant* fara fram hér á landi þessa dagana. Aðalleikkonan Kaley Cuoco hefur verið dugleg að birta myndir af ævintýrum sínum hér á landi á Instagram en sjö milljónir manna fylgja henni á samfélagsmiðlinum.

benediktboas@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Leikkonan Kaley Cuoco kom hingað til lands á sunnudag og tók rölt um miðbæ Reykjavíkur sem hún lýsti sem því jölandi sem hún hafði vonast eftir.

Hópurinn sem elti hana og aðstoðar fór upp í Hallgrímskirkju, gaf öndunum brauð og rölti að Domino's á Skúlagötunni þar sem Cuoco fékk sér pítsu en strákarnir sem voru með í för fóru frekar á Aktu taktu og keyptu sér hamburgara. Borðuðu hann á bílastæðinu og virtust ánægðir með borgarann.

Cuoco er mikill dýravinur að sögn og það fyrsta sem hún keypti sér var kaffibolli með mynd af íslenska hestinum sem hún er ánægð með ef er að marka það sem hún segir á Instagram.

Hún fékk lítinn svefn því hún var kominn á fætur fyrir klukkan hálf sjö til að hefja daginn enda framleiðslan í hæsta gæðaflokki.

Þegar Fréttablaðið bar að garði í hádeginu í gær var fjórum stórum vörubílum, stútfullum af dóti og græjum, lagt í Bankastrætinu. Höfðu greinilega mætt snemma dags því þeir fengu allir bílastæði á þessum eftirsóttasta. Stórstjarnan



Leikkonan Kaley Cuoco í förðun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR



Kaley Cuoco

sat svo róleg, horfði upp Skólavörðustíginn og lét farða sig og borðaði súpu meðan var verið að undirbúa næstu töku.

Töluvert af fólki fylgdist með og var öryggisgæsla á staðnum.

*The Flight Attendant* voru sýndir á HBO Max og var fyrsta þáttaröð sýnd í nóvember í fyrra og fékk glimrandi dóma. Þeir segja frá flugfreyjunni Cassie Bowden sem er alkóhólisti sem drekkur á meðan hún vinnur og sefur hjá hverjum sem hún vill, hvar sem hún vill. Hún vaknar einn morguninn í Bangkok

með manni sem hefur verið skorinn á háls. Í staðinn fyrir að hringja á lögregluna þrífur hún vettvanginn og heldur aftur heim á leið.

Þegar hún kemur heim er hún yfirheyrð af FBI en hún man lítið sem ekkert frá nóttinni og reynir að þúsla saman kvöldinu örlagaríka.

Í samtali við *People*-tímaritið um helgina sagði Cuoco frá því að hún væri ákaflega spennt fyrir komandi verkefni á Íslandi og að hún hlakkaði til að verja tíma hér á landi.

Framleiðendur kvikmynda eða sjónvarpsfarnis á Íslandi eiga kost á endurgreiðslum á allt að 25 prósentum af framleiðslukostnaði sem fellur til hér á landi.

Fyrir árið 2021 hefur þáttaröðin *The Challenge* fengið mest í endurgreiðslu, eða 311 milljónir króna. Kvikmyndin *Svar við bréfi Helgu* fékk tæpar 60 milljónir, *Andið* eðlilega fékk tæpar 30 milljónir og *Dungeons and Dragons* sömuleiðis. ■

## Hernaðarútgjöld áfram að aukast

kristinnpall@frettabladid.is

**HERNAÐUR** Útgjöld til hundrað stærstu hergagnasala heims á síðasta ári námu rúmlega 530 milljörðum dollara. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu SIPRI, sænsku friðarrannsóknarstofnunarinnar.

Um er að ræða 1,3 prósentu aukningu á milli ára og sjötta árið í röð sem mælist aukning í hernaðarútgjöldum. Áhrif heimsfaraldursins á efnahagslífið komu því ekki niður á hernaðarútgjöldum líkt og í öðrum starfsgreinum.

Um þrettán prósent hernaðarútgjalda heimsins má rekja til kínverskra framleiðenda og hafa útgjöld stjórnvalda til hernaðarmála á heimsvísu hækkað um 20 prósent á fimm ára tímabili frá því að SIPRI bætti kínverskum framleiðendum við.



Kínverski herinn prófaði nýjar sprengjur á dögnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Stærstu framleiðendurnir í þessum geira fundu ekki mikið fyrir áhrifum heimsfaraldursins vegna aukinnar eftirspurnar þjóða eftir vörum þeirra og þjónustu. Það sést best á því að aukning átti sér stað í hernaðarútgjöldum og að sumar þjóðir hafa gert langtíma-

samninga um kaup til að draga úr áhrifum kórónaveirufaraldursins á rekstur þessara fyrirtækja,“ sagði Alexandra Marksteiner, starfsmaður SIPRI.

Vopnasalar fundu fyrir ihlutas korti sem varð til þess að afhendingu seinkaði nokkrum sinnum. ■

ICELANDIC  
WOOL



# ULLARJAKKAR

## ÍSLENSK ULLAREINANGRUN

# NÝSKÖPUN

## Á HLÝJUM GRUNNI

Íslenska sauðkindin er einstök og hefur lifað af síbreytilegt íslenskt veðurfar í gegnum aldirnar. Íslenska ullin samanstendur af grófu togi og fíngerðu þeli sem andar vel og hrindir frá sér raka. Eiginleikar ullarinnar gefa stöðugan varma sem nýtist í einangrun í nýrri útivistar línu Icewear. Nýja ullareinangrunin er nýsköpun þar sem íslenska ullin er í fyrsta skipti unnin og notuð sem einangrun í útivistarflíkur. Íslenska ullareinangrunin í flíkum Icewear kemur í mismunandi þykktum sem henta hver um sig við fjölbreyttar aðstæður og mismunandi notkun.



[www.icewear.is](http://www.icewear.is)

# Ósýnileg börn



Björk  
Eidsdóttir  
bjork  
@frettabladid.is

Í síðasta mánuði var hleypt af stokkunum verkefninu Okkar heimur á vegum Geðhjálp. Er því ætlað að ná til barna foreldra með geðrænan vanda og veita þeim og fjölskyldum þeirra stuðning. Hvatakonan á bak við verkefnið, Sigríður Gísladóttir, sagði sögu sína í viðtali við undirritaða í helgarblaði Fréttablaðsins um liðna helgi. Sigríður, sem ólst upp hjá móður með geðræna erfiðleika, einangraðist inni á heimilinu og þrátt fyrir margra ára tilraunir fékk hún enga aðstoð. Sigríður ákvað ung að þegar hún hefði unnið úr erfiðri lífsreynslu sinni ætlaði hún að beita sér fyrir önnur börn í sömu stöðu og hefur hún undanfarin ár starfað fyrir Geðhjálp. Einn hluti verkefnisins sem hún stýrir var að hanna vefsíðu með upplýsingum fyrir þessi börn, börn sem væru mögulega föst inni á heimilum með foreldri með geðrænan vanda en með aðgang að síma og interneti. Þegar kom að því að safna fræðsluefni kom Sigríður þó að tómunum kofanum. Ekkert íslenskt efni var til fyrir þennan hóp. Einfaldlega þar sem lítið sem ekkert var vitað um þennan hóp. Hann var órannsakaður og ósýnilegur.

Í viðtalinu velti Sigríður því fyrir sér hvort fordómar gagnvart fólki með geðrænan vanda smitist yfir á börn þeirra og því miður held ég að sú kenning sé ansi oft rétt. Fordómar gagnvart jaðarsettum hópum eru útbreiddir og læðist að manni sama hugsun nú þegar umfjöllun um börnin sem máttu sæta hræðilegu ofbeldi á barnaheimilinu á Hjalteyri hefur verið í hámmáli. Grunsemdir um að ekki væri allt með felldu á heimilinu komu upp löngu áður en heimilinu loks var lokað. Miðað við lýsingar fólksins sem þar dvaldi hefðu skólafirvöld átt að sjá að ekki væri allt með felldu. Raunar lýsti einn vistmanni því hvernig þau hefðu tvö leitað til skólustjóra með lýsingar á ofbeldi en verið send aftur beint til kvalara sinna.

Mann getur ekki annað en grunað að börnin sem oft komu úr erfiðum aðstæðum hafi hreinlega ekki skipt nægilegu máli. Þau áttu sér engan málsvara og voru varla miklir bógar eftir ofbeldið sem þau máttu sæta. Þetta voru ósýnileg börn.

Í sextánda grein barnaverndarlaga segir að öllum sé skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Þetta eru sem sagt ekki tilmæli – þetta eru lög! ■

“  
Einfaldlega þar sem lítið sem ekkert var vitað um þennan hóp. Hann var órannsakaður og ósýnilegur.”

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

kristinnhaukur@frettabladid.is

### Ánægjusprengja

Þjóðin sameinaðist í litilli ánægjusprengju þegar tilkynnt var að ráðherra myndi í framtíðinni skipa sóttvarnalækni. Allir vita að Framsóknarmenn eru bestir í að takast á við smitandi plágur og pestir. Eru strax hafnar bollaleggingar um hver taki við af Þórólfi Guðnasyni. Nafn Hrannars Péturssonar, fyrrverandi upplýsingafultrúa álvarsins í Straumsvík, hefur verið nefnt. Þá er einnig spurning hvort Páll Magnússon ráðuneytisstjóri verði skipaður til þess að reyna að brjóta jafnréttislög í annað skiptið. Nafn Finns Ingólfssonar hefur ekki verið útilokað né heldur Ólafis Ólafssonar en verst er að lög um uppreista æru hafa verið afnumin.

### Kosningastofa

Næsta ánægjusprengja þjóðarinnar verður væntanlega þegar tilkynnt verður um stofnun Kosningastofu, sérstakrar stofnunar sem á að koma í veg fyrir annað Norðvesturkjörðæmisfiaskó. Nafn Birkis Jóns Jónssonar, fyrrverandi Sorpu-stjórnanda, er ofarlega á lista. Það verður þó ekki raunin ef stofnunin fer undir Lilju Alfreðsdóttur, þá kemur bara Einar Hugi Bjarnason til greina en staða hans veiktist eftir að Fjölmiðlanefndin hans var færð milli ráðherra. ■

## Ábyrg sýn



Pawel Bartoszek  
borgarfulltrúi Viðreisnar

Fyrir nokkrum árum voru sett sérstök ákvæði um fjármál sveitarfélaga í landslög. Þar var kveðið á um að a) útgjöld samstæðu mættu ekki verða hærrí en reglulegar tekjur yfir 3 ára tímabil, svokallað jafnvægisviðmið og að b) skuldaviðmið samstæðu ætti ekki að fara yfir 150%. Þetta eru góðar reglur sem eiga að stuðla að jafnvægi og varfærni í rekstri sveitarfélaga.

Þegar Covid-krísan skall á af fullum þunga varð ljóst að mörg sveitarfélög hefðu átt erfiðt með að fylgja umræddum ákvæðum laga. Eina leiðin til þess væri í raun að skera niður í fjárfestingum og dýpka efnahagslægdina enn frekar. Það var nokkuð sem fáir ef nokkrir fagaðilar, hvorki innan lands né utan, hafa mælt með.

### Langtímasýn í fjármálum á að vera skýr

Ríkið hefði sannarlega getað auðveldað sveitarfélögum að fjármagna fjárfestingar með öðrum hætti en lántöku, til dæmis með tímabundnum en almennum aðgerðum til að mæta tekjutapi vegna Covid. Sú leið sem ríkið valdi að fara fól í sér að reglurnar um afkomu og skuldir sveitarfélaga voru numdar úr gildi næstu fimm árin. Sveitarfélögum var beinlínis sagt að skuldsetja sig frekar og að ríkið myndi leyfa því að viðgangast.

Langtímasýn í fjármálum verður engu að síður að vera skýr. Reykjavík setti sér því sínar eigin reglur um afkomu og skuldir í stað þeirra sem ríkið nam úr gildi. Þar má finna þau viðmið að a) halli á rekstri skuli ekki verða meiri en 10% af tekjum. b) Að jafnvægisviðmiði verði náð frá og með 2026. Og c) að skuldaviðmið samstæðu fari ekki yfir 200% af tekjum hvers árs.

EKKI er útlit fyrir að þetta rými verði nýtt. Skuldaviðmiðið á hæst að fara í 155%, með OR meðtaldri á næsta ári, jafnvægisviðmiðið á að vera jákvætt allan tímann og halli á rekstri er innan áætlunar. Við höfum, á erfiðum tíma, sýnt aga í fjármálum Reykjavíkurborgar og er staðan mun betri en á horfðist þegar Covid skall á fyrir einu og hálfu ári síðan. ■

“  
Sveitarfélögum var beinlínis sagt að skuldsetja sig frekar og að ríkið myndi leyfa því að viðgangast.”

## Kósýkvöld með Eyfa



RISTORANTE

# Caruso

AUSTURSTR.ÉTI 22

2. 9. 19. desember

Ljúf tónlist  
yfir ljúffengum mat

Borðapantanir í síma 5627335  
caruso@caruso.is

# Þjóðarsátt um Landspítala

## Ráðgjafarnefnd Landspítala

Óskar Reykjalsson, formaður  
Álfheiður Ingadóttir  
Bára Hildur Jóhannsdóttir  
Henný Hinz  
Jón Kristjánsson  
Pétur Magnússon  
Vilmundur Guðnason  
Þórunn Sveinbjörnsdóttir  
Þuríður Harpa Sigurðardóttir

Fyrir um 21 mánuði eða þann 28. febrúar 2020 greindist fyrsta Covid-smítið hér á landi. Þá tók við ótrúlegur tími í íslensku samfélagi, eitt hvað sem varla nokkur Íslendingur hefði trúað fyrirfram að eiga eftir að upplifa. Heimsfaraldurinn hefur sannarlega haft veruleg áhrif á daglegt líf okkar allra og reynt á þolrifin. Því miður bendir flest til að svipað ástand verði áfram við lýði einhverja mánuði og jafnvel ár.

## Heilbrigðisþjónustan og Covid

Þó heilbrigðismál séu iðulega ofarlega á baugi í samfélagsumræðunni hefur athyglin á þessum málaflokk aldrei verið meiri en síðan Covid-faraldurinn skall á. Daglega eru fluttar fréttir af gangi mála og hafa flestir landsmenn skoðanir á þeim aðferðum sem beitt er í baráttunni gegn veirunni. Í öllum þessum stormi hefur Landspítali verið í kastljósinu, enda gegnir spítalinn lykilhlutverki í heilbrigðisþjónustu landsmanna.

Landspítali er stærsti vinnustaður landsins, þar starfa um 6.000 manns. Í Ráðgjafarnefnd Landspítala situr breiður hópur einstaklinga sem starfa utan veggja spítalans. Nefndinni er ætlað að vera forstjóra og framkvæmdastjórn til ráðgjafar og álits um starfsemi, rekstur og langtímastefnumótun en einnig að vera rödd samfélagsins. Við höfum kynnst þeim þungu áskorunum sem hafa fylgt starfi spítalans á tímum Covid og teljum brýnt að vekja athygli á því stórkostlega hlutverki sem Landspítali, starfsfólk hans og stjórnendur gegna í baráttunni við faraldurinn og hvernig spítalinn hefur treyst og styrkt samstarf við heilbrigðiskerfið og vísindasamfélagið sem aftur hefur gert okkur fært að fást við þennan vágast.

## Landspítali í beinni útsendingu

Umræðan um stöðu Landspítala hefur aldrei verið háværari en nú og virðist því miður fara harðnandi. Nánast allt sem gerist inni á spítalanum er í beinni útsendingu og daglega flytja fjölmiðlar fjölda fréttar starfseminni. Slíkt álag á vinnuumhverfi og starfsfólki sjálft, ofan á allt annað, er mjög íþyngjandi til lengdar og því miður eru nú teikn á lofti um að hópar starfsfólks hugsi sér til hreyfings. Um leið er þessi sama umræða um spítalann ekki til þess fallin að gera hann að lokkandi vinnustað fyrir nýtt starfsfólk. Loks getur umræðan einnig dregið úr áhuga og eftirspurn eftir námi í heilbrigðisgreinum sem er afar miður því störf í heilbrigðisþjónustu hafa skýran tilgang og markmið, eru gefandi og samfélagslega mikilvæg.

Starfsemi Landspítala er að sjálf-sögðu ekki yfir gagnrýni hafin en gagnrýnin hefur ekki alltaf verið réttmæt og því miður oft ósanngjörn. Því hefur starfsfólk spítalans fengið að kynnast undanfarið í auknum mæli og í slíkt fer mikil orka. Á þeim tímum sem nú eru uppi hefur hins vegar aldrei verið mikilvægara að nýta orkuna og tímann til að koma okkur út úr mesta vandanum og leyfa stjórnendum og starfsfólki að ná aftur vopnum sínum með öllum þeim stuðningi sem hægt er að veita.

## Þakklæti og Þjóðarsátt

Við sem þekkjum til starfsemi Landspítala vitum að þar er unn-

inn fjöldi kraftaverka á hverjum degi. Starfsfólk er oft að sinna flóknum og erfiðum verkefnum við mjög krefjandi aðstæður og á miklar þakkir skildar fyrir sín frábæru störf. Þakklæti í orðum er bara ekki nóg.

Því heitum við í Ráðgjafarnefnd Landspítala á landsmenn alla að skapa Þjóðarsátt um Landspítala: Þjóðarsátt sem hefur það markmið að koma á nauðsynlegri

ró í kringum starfsemi spítalans og veita starfsfólki og stjórnendum svigrúm til að vinna sína mikilvægu vinnu án þess að hvert handtak verði tilefni aðfinnslu og hallmæla. Við þurfum á sama tíma að skapa svigrúm til að gera þær breytingar á innviðum starfseminnar sem þarf til að spítalinn geti verið góður vinnustaður og sinnt sínu mikilvægasta hlutverki: Að vera þjóðarsjúkrahús í fremstu röð

með áherslu á gæði og öryggi notendum heilbrigðisþjónustunnar til handa.

Í þessum sambandi köllum við eftir samstöðu allra hagsmunaaðila spítalans; stjórnvalda, Alþingis, stéttarféлага og fagfélaga heilbrigðisstarfsfólks, hagsmunasamtaka sjúklinga og landsmanna allra.

Við þurfum að vinna með stjórnendum og starfsfólki Landspítala í að endurheimta jákvæða ímynd

spítalans og byggja upp góða vinnustaðamenningu sem býður upp á spennandi verkefni. Það er fátt ánægjulegra í starfi en að geta gefið af sér og hjálpað öðrum.

Ágætu landsmenn, nú er tími til að standa saman. Við þurfum að skapa ró og vinnufrið fyrir starfsemi, starfsfólk og stjórnendur Landspítala svo það geti siglt okkur í gegnum það fárviðri sem nú geisar. ■

## SAMORKA

Samtök orku- og veitufyrirtækja

# Orkuskipti á hafi

## Kynning á nýrri skýrslu DNV

### Miðvikudaginn 8. desember

Kl. 9:00-10:00

Kaldalóni, Hörpu og í streymi

#### Ávarp:

**Guðlaugur Þór Þórðarson** umhverfis-, orku og loftslagsráðherra

Leiðir að kolefnishlutleysi í haftengdri starfsemi:

**Nikolai Hydle Rivedal** umhverfisverkfræðingur hjá DNV

Pallborðsumræður:

**Páll Erland** framkvæmdastjóri Samorku

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir** framkvæmdastjóri SFS

**Gunnar Tryggvason** sviðsstjóri viðskipta hjá Faxaflóahöfnum

Fundarstjóri:

**Lovísa Árnadóttir** upplýsingafulltrúi Samorku

Skráning á [samorka.is](http://samorka.is)

Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports

Samtök fyrirtækja  
í sjávarútvegi



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

# Mótsagnir og misskilningur í sögum guðspjallanna af fæðingu Jesú



Þórhallur Heimisson  
prestur og rithöfundur

Nú þegar jólin nálgast er gaman að velta fyrir sér sögum guðspjallanna af fæðingu jólabarnsins Jesú. Þar er að finna ýmsar mótsagnir sem varpa skemmtilegu ljósi á gerð og tilgang þessara sagna. Samkvæmt Mattíasar- og Lúkasarguðspjalli fæddist Jesús á meðan Heródes mikli var leppkonungur Rómverja í Ísrael. Það var hann frá árinu 37 fyrir Krist. Nú er það svo að Heródes dó árið fjögur

fyrir Krist – fjórum árum áður en Jesús á að hafa fæðst samkvæmt tímatali okkar. Matteus segir svo frá að Heródes hafi sent hermenn til Betlehem til að myrða öll sveinbörn tveggja ára og yngri, eftir að hann hafði fengið fréttina af fæðingu meistarans. Þess vegna hlýtur Jesús að hafa fæðst að minnsta kosti 5–6 árum fyrir tímatal okkar, 5–6 árum fyrir fæðingu sína! „Fæðing Jesú“ er sem sagt hugtak sem er notað í sambandi við tímatal. Við teljum frá fæðingu Jesú, „Anno Domini – á því Herrans ári“ eins og sagt var fyrr. Þetta hugtak er ekki sagnfræðilegt heldur tilbúið, tímamark sem menn ákváðu í byrjun 6. aldar. Þá misreiknuðu menn sig um 5–6 ár. Dionysius Exiguus hét sá er var falið þetta reiknihlutverk. Hann bjó í



Fæðingarsögunum er þannig ekki ætlað að flytja sagnfræðilega annála, heldur leiða okkur í sannleikann um hver Jesús er. Líklegast fæddist Jesús í Nasaret.

vill höfundur með þessu undirstrika að Jesús sé messías. Þó Matteus láti Jesú fæðast í Betlehem – kannski til að uppfylla spádóma Míka – þá er það staðreynd að Jesús var frá Nasaret, en Nasaret var í Galíleu. Og Galíleu er hluti af hinu forna Norður-Ísrael, sem varð til árið 922 fyrir Krist þegar Ísraelsríki Sáls, Davíðs og Salómóns klofnaði. Þar átti ættkvísl Efraíms heima samkvæmt hefðinni. Efraím var sonur ættföðursins Jósefs. Afkomendur hans voru allir taldir „synir Jósefs“. Og þar með var Jesús einnig „sonur Jósefs“, af ættkvísl Jósefs. Sem þarf ekki endilega að þýða að Jósef hafi ekki verið faðir hans. Lúkas birtir líka sína ættartöflu yfir forfeður Jesú. Nær ættartré Lúkasar allt aftur til Adams. Það gerir Lúkas til að leggja áherslu á að koma Jesú sé ekki aðeins fyrir Gyðinga, heldur alla menn. Þessar ættartöflur voru mikilvægar fyrir gyðing-kristna hópa frumkirkjunnar sem trúðu því að Jesús væri af ætt Davíðs og efuðust ekki um að Jósef væri líffræðilegur pabbi hans. En með ættartöflunum lenda guðspjallamennirnir í athyglisverðri mótsögn. Til að ættartöflurnar sýni réttar ættir Jesú, verður Jesús að vera líffræðilegur sonur Jósefs. En um leið segja guðspjallamennirnir að hann sé sonur Guðs. Enda birtast englar ekki Jósef hjá Lúkasi, heldur Maríu, sem er í aðalhlutverki hjá Lúkasi.

Fæðingarsögunum er þannig ekki ætlað að flytja sagnfræðilega annála, heldur leiða okkur í sannleikann um hver Jesús er. Líklegast fæddist Jesús í Nasaret. Pabbi hans hét kannski Jósef. Kannski er nafn Jósefs búið til síðar vegna táknrænnar merkingar þess. Móðir Jesú hét María – eða Miríjam –líklega fæddist Jesús árið 6–4 fyrir Krist og að vori. Alla vega örugglega ekki 25. desember. Annað vitum við ekki um fyrstu æviár Jesú, bernsku og æsku – í raun og veru – ekki fyrr en hann kemur til Jóhannesar skírara fullorðinn maður og lætur skírast í ánni Jórdan. En þar hefst einmitt Jóhannesararguðspjall. En 25. desember er fæðingaráttíð Krists samkvæmt kirkjunni í hinu gamla Vest-Rómverska ríki, sem seinna varð kaþólska kirkjan og lútersku kirkjurnar eru sprotnar úr. 25. desember hafði verið hátíð hinnar miklu sólar í hinna fornu Róm. Rök kirkjunnar fyrir að helga daginn fæðingunni voru þau, að Jesús hafi verið fullkominn maður og því hlýti hann að hafa verið getinn á fullkomnum degi. 25. mars var talinn fullkomnasti dagur ársins í Rómaveldi, því þá var álitid að heimurinn hefði verið skapaður. Jesús hlaut því að hafa verið getinn þann dag. Sem þýddi að hann hlaut að hafa fæðst 9 mánuðum síðar, 25. desember. En aðfangadagur, 24. desember, verður dagur fæðingarhátíðarinnar hjá okkur því það er eini dagur ársins þar sem miðað er við hið forna dagatal gyðinga. Samkvæmt gyðingum byrjar nýr dagur klukkan 18.00 að kveldi. Þannig byrjar 25. desember klukkan 18.00 þann 24. desember – en einmitt þá hringjum við jólin inn á Íslandi! ■

## Aðalskipulag – Hafnarfjarðarbær

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 10. nóvember 2021 að auglýsi eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

### Smyrlahraun 41a

Breytingin felst í að landnotkun lóðarinnar Smyrlahraun 41a er breytt úr Samfélagsþjónustu í lúðarsvæði. Á reitnum er gert ráð fyrir að reisa búsetukjarna fyrir fatlaða einstaklinga.

### Miðbær M1

Breytingin felst í að texta kafla 2.2.2 um Miðbæ, svæði M1 er breytt. Kvöð um að allt rými á jarðhæðum innan svæðis M1 verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu er breytt í að allt rými jarðhæðar við Strandgötu, Fjarðargötu og Linnetsstíg innan svæðis M1 verði nýtt fyrir verslun, veitingahús og þjónustu.

Breytingartillagan verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 06.12.21.

Auk þess er hægt að skoða tillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar [hfj.is/skipulag](http://hfj.is/skipulag). Nánari upplýsingar eru veittar á umhverfis- og skipulagssviði.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna. Skal þeim skilað skriflega á netfangið [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eigi síðar en 17.01.2022 eða stílaðar á:

Hafnarfjörður  
bt. umhverfis- og skipulagssviði  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



Róm. Áður höfðu Rómverjar gefið árunum tölu og heiti miðað við upphaf Rómaborgar eða heiti rómversku keisaranna. Eftir árið 500 var miðað við fæðingu Jesú. En fæðingarár hans var fest við árið 754 frá upphafi Rómaborgar – sem er sem sagt nokkrum árum of seint.

EKKI MÁ HELDUR GLEÝMA ÖÐRUM mistökum varðandi ártöl sem skrifast á guðspjallamanninn Lúkas. Lúkas segir að Jesús hafi fæðst árið sem Kýreníus var landsstjóri í Sýrlandi og kallaði alla til skráningar fyrir hönd Ágústusar keisara. Eitt-hvað ruglar Lúkas þar saman árum, því Kýreníus varð fyrst landsstjóri í Sýrlandi árið 6 eftir Krist. Líklegast hefur Jesús þá verið orðinn 12 ára gamall. Og ólíklegt er að það ár hafi slík skráning farið fram, því þá logaði allt í óeirðum í landinu helga – eins og löngum fyrr og síðar.

Svo aftur sé nú vikið að guðspjöllunum tveimur eftir þá Matteus og Lúkas, þá ber frásögnum þeirra af fæðingu Jesú og uppruna á engan hátt saman. Það eina sem þeir virðast vera sammála um er að María hafi verið trúlofuð Jósef, sem var ekki líffræðilegur faðir barnsins – og að Jesús hafi fæðst í Betlehem.

En síðan leysa þeir vandamál frásagnarinnar hvor á sinn máta. Til dæmis spurninguna um það hvernig stóð á því að Jesús fæddist í Betlehem í Júdeu – þar sem allir vissu að hann var frá Nasaret í Galíleu. Matteus lætur fjölskyldu Jesú koma frá Betlehem. Hvergi minnst Matteus á fjárhús eða skráningu skattayfirvalda. Þegar stjörnuspekingarnir hans koma til Betlehem til að heiðra barnið, ganga þeir beint „inn í húsið“ (Matt. 2:11). Stjörnuspekingarnir (vitringarnir) og sér í lagi stjarnan sem þeir fylgdu, hafa reyndar verið tilefni mikilla vanga-veltna í gegnum aldirnar. Hvað var eiginlega þessi stjarna, jólastjarnan sem blikar yfir Betlehem eins og börnin syngja? Það er ekki gott að segja, en hitt er staðreynd að halastjarna sást á himninum um tveggja mánaða skeið árið 5 fyrir Krist – eða með öðrum orðum um það leyti sem Matteus segir frá að Jesús hafi fæðst. Samkvæmt kinnverskum stjörnuspekingum var ferill hennar skráður að vori, í mars til apríl – en á þeim tíma hefur Jesús þá líklegast fæðst. Stjörnufræðingarnir höfðu sagt Heródesi konungi frá hinum nýfædda konungi samkvæmt því sem Matteus segir. Heródes lætur deyða öll sveinbörn tveggja ára og yngri í Júdeu, til að tryggja veldi sitt. Heródes vildi ekki fyrir sér að láta myrða syni sína þegar hann óttadist að þeir myndu vaxa sér yfir höfuð og taka af sér völdin. Slík barnamorð hefðu þannig ekki verið honum mikið mál. Engill

varar fjölskyldu Jesú við, sem flýr til Egyptalands – og síðar kemur Jesús frá Egyptalandi eins og Móse eftir að Heródes er fallinn frá. Þá flýst fjölskyldan ekki aftur til Betlehem, því einn af sonum Heródesar situr á valdastólum, segir Matteus. Fjölskyldan flýst til Nasaret. Og þess vegna er Jesú frá Nasaret, en fæddur í Betlehem. En Matteus hefur engar áhyggjur af því að annar sonur Heródesar ræður ríkjum í Galíleu þegar María, Jósef og Jesú koma þangað frá Egyptalandi – og það hefur fjölskylda Jesú ekki heldur.

Lúkas leysir vandamálið með Betlehem með því að láta Maríu og Jósef fara þangað samkvæmt boði keisarans til skráningar. Lúkas nefnir ekkert um stjörnuspekingu, barnamorð eða stjörnu á himnum. Hann lætur Jesú aftur á móti fæðast í fjárhúsi og engla boda fæðingu hans. En ekkert heyrir frá Heródes mikla, sem kippir sér ekkert upp við englasönginn – eða hefur alla vega ekkert af honum frétt og kemur ekki við sögu. Enda flýr fjölskyldan ekki til Egyptalands samkvæmt Lúkasi. Þvert á móti er farið með Jesú til Jerúsalem, höfuðborgar Heródesar, þar sem hann er hreinsaður í musterinu. Og Heródes skiptir sér heldur ekkert af því. Er sama um þessa fjölskyldu, hefur örugglega ekki hugmynd um nærveru hennar.


Tiltækið með að kalla alla af ætt Davíðs saman í Betlehem er líka undarlegt. Á þessum tíma logaði allt í illdeilum milli Rómverja og Gyðinga rétt eins og Palestínumanna og Ísraelsmanna í dag. Rómverjar hefðu aldrei leyft að ættbálkur fyrrum stórkonungs Ísraels hefði fengið að safnast saman á einn stað í hans nafni. Hvað þá hvatt til þess að af slíkum mannsöfnuði yrði! Slíkt hefði verið ávisun á uppþot og ólát.

Í fæðingarfrásögunum fáum við að heyra að Jesús eignast pabba, eða fösturpabba, sem heitir Jósef. Kannski hét hann í raun og veru Jósef. En kannski bjuggu guðspjallamennirnir nafnið til, einmitt af því að það passaði svo vel við þær áherslur sem þeir vildu koma með. Engill Guðs birtist Jósef aftur og aftur í draumi í fæðingarsögunni hjá Matteusi, til að miðla upplýsingum til hans og koma með leiðbeiningar – og eftir að Jesús fæðist flýr Jósef til Egyptalands með fjölskylduna. Nákvæmlega eins og annar þekktur Jósef í sögu Ísraels – ættfaðirinn Jósef, sonur Jakobs í Mósebókunum. Einnig hann fékk vitranir í draumi og var seldur sem þræll til Egyptalands. Í ættartré Jesú sem Matteus birtir, kemur fram að faðir Jósefs, afi Jesú, hafi heitið Jakob! Er það tilviljun að hann heiti í höfuðið á hinum mikla ættföður Ísraels? Líklega ekki, heldur

# Auður Jóns

Aldrei betri!

FRÁBÆRT  
VERÐ



**Tilboðsverð 4.999 kr.**  
verð áður 7.299 kr.



Björt er ráfari, fer á milli staða í Reykjavík, fylgist með fólki og skráir hjá sér athuganir sínar. Hún leigir herbergi í hrörlegu húsnæði með öðru fólki. En svo fær hún bréf og smám saman flettist ofan af dramatískri ævi hennar.

**„Þetta er svo falleg og nístandi og já bara rosaleg bók.“**

Kamilla Einarsdóttir / Rithöfundur

**„Ekkert slegið af ... Eftirminnilegar bókmenntir.“**

Gauti Kristmannsson / Rás 1

**„Mögnuð bók. Hafði djúp og sterk áhrif á mig.“**

Arndís Hrönn Egilsdóttir / Leikkona

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsins er til og með 8. desember eða á meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

**penninn.is**  
540-2000

Austurstræti  
Skólavörðustígur  
Laugavegur  
Hallarmúli  
Kringlan

Mjódd  
Smáralind  
Hafnarfjörður  
Reykjanesbær  
Akranes

Ísafjörður  
Akureyri  
Húsavík  
Selfoss  
Vestmannaeyjar

**penninn**

Eymundsson

## Óendanlega stolt af öllum liðunum okkar

Framkvæmdarstjóri Fimleikasambandsins segir erfitt að lýsa því hversu stolt hún er af árangri Íslands á EM í hóp fimleikum. Ísland er nú næstsigursælasta liðið í kvennaflokki.

kristinnpall@frettabladid.is

**FIMLEIKAR** „Þetta gat ekki staðið tæpara, en um leið er erfitt að lýsa því hversu sætt það var þegar ljóst var að gullverðlaunin væru í höfn,“ segir Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, aðspurð hvernig tilfinningin hefði verið að fylgjast með árangri landsliðanna í hóp fimleikum á Evrópumótinu um helgina. Ísland sendi fjögur lið til leiks á EM og komu öll liðin heim með verðlaun. Ásta Kristinsdóttir, Kolbrún Þöll Þorradóttir og Helgi Laxdal Aðalgeirsson voru valin í úrvalslið mótsins í lokin.

Íslenska kvennalandsliðið varð Evrópumeistari um helgina með minnsta mun. Ísland fékk jafn mörg stig og Svíþjóð en þar sem Ísland var með hærri einkunnir á gólfi og trampólíni unnu þær titilinn. Karlandslíðið lenti í öðru sæti þegar það keppti í fyrsta sinn í ellefu ár. Stúlknalandsliðið kom einnig heim með silfurverðlaunin og blandaða unglíngalandsliðið fékk bronsverðlaun.

„Við náðum öllum okkar markmiðum og gott betur en það. Fyrir mót var markmiðið okkar að koma öllum liðunum á verðlaunapall sem tókst. Svo var mismunandi hvaða markmið voru fyrir hvert lið sem slíkt. Ég er óendanlega stolt af öllu fólkinu okkar og maður fær smá kökk í hálsinn að fylgjast með þeim. Svo á fólkið í kringum landsliðið líka allt hrós skilið fyrir aðkomu sína að þessum árangri. Fagteymið sem var með okkur vann ótrúlegt starf.“

Með því er Ísland orðið næstsigursælasta liðið í kvennaflokki með þrjú gullverðlaun. Aðeins Svíþjóð, sem hefur unnið til sex gullverðlauna, hefur unnið EM oft. Það sama á við um silfurverðlaunin þar sem Ísland er með fimm silfur og Svíar sex.

„Til þess að setja það í samhengi eru um 350 þúsund einstaklingar sem æfa fimleika í Svíþjóð. Þau hafa aðeins stærra mengi að velja úr sem breytir leiknum, en við reynum að hafa alla á sömu bláðsiðu og að sjá til þess að allir séu að fara í sömu átt.“

Ísland hefur átt í harðri baráttu við Svíþjóð um gullverðlaunin í kvennaflokki undanfarin ár.



Ásta, Kolbrún Þöll og Helgi Laxdal voru valin í úrvalslið mótsins.

„Það hefur verið afar mjótt á munum síðustu tíu ár. Síðustu þrjár keppnir hefur liðið sem ekkert skilið liðin að. Oft hefur munað svo svakalega litlu en við fundum það í byrjun dags að þetta yrði góður dagur. Ég var sjálf í eftirlitshlutverki fyrir evrópska fimleikasambandið og var því aðeins aðskilin liðinu. Mér leist ekki á blikuna þegar Svíþjóð byrjaði á frábærum gólfæfingum, sem hefur

verið styrkleiki okkar og þær skorðuðu hátt. Stelpurnar svöruðu með frábærri frammistöðu á trampólíni, einni bestu frammistöðu á trampólíni sem ég hef séð. Þá fór hjartað að slá hraðar,“ segir Sólveig kímín.

„Bæði lið gera svo smávægileg mistök undir lokin, við misstum fyrirliðann okkar sem slitur hásin en okkar konur virtust bara eflast við mótlætið. Það sýnir hvað þetta



Oft hefur munað svo svakalega litlu en við fundum það í byrjun dags að þetta yrði góður dagur.

Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins

liðið var vel undirbúið, þær misstu aldrei einbeitinguna.“

Velgengi karlaliðsins eftir langa fjarveru vakti einnig athygli.

„Það hefur verið hluti af stefnu sambandsins að virkja karla og drengi í fimleikum. Það var ótrúlega gaman að fylgjast með þeim og fólk á mótsstað hafði orð á því að þeir væru framúrskarandi. Liðsheilidn, frammistaðan og framkoman hjá þeim var stórkostleg.“

Næsta mót er strax á næsta ári en þá verður keppt eftir nýjum reglum. „Við höfum núna níu mánuði til að undirbúa okkur fyrir næsta

mót, sem er í styttri kantinum, en á sama tíma þurfa öll liðin að aðlagast breyttum reglum,“ segir Sólveig og heldur áfram:

„Auðvitað gætti spennu í landsliðinu að skoða nýju reglurnar þegar þær komu út í haust en við reyndum að láta það ekki trufla undirbúninginn fyrir Evrópumótið.“

Sólveig vonast til að árangurinn á EM verði til þess að bætt verði úr aðstöðuleysinu sem þau glíma við.

„Fimleikaíþróttin er í mikilli sókn á Íslandi og við höfum varla aðstöðu fyrir landsliðin okkar. Við erum upp á velvild félaganna komin að fá æfingatíma þegar það er þörf fyrir fimm æfingar í viku í aðdraganda EM. Við erum auðvitað ofboðslega þakklát félögum fyrir að hleypa okkur inn en á sama tíma er ljóst að það er þörf á betri aðstöðu til að viðhalda þessum árangri,“ segir Sólveig og bætir við:

„Nýtt fjölnota íþróttahús myndi gjörbreyta starfsemi greinarinnar sem er stærsta innanhússiþrótt landsins og stærsta kvennaíþróttgrein landsins. Um leið gætum við hugað að möguleikanum á því að hýsa alþjóðleg mót á ný með slíkri aðstöðu.“ ■

## Setja gervigras og flóðlýsingu á Hásteinsvöll

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Vestmannaeyjabær mun breyta Hásteinsvelli, heimavelli ÍBV, í gervigrasvöll með flóðlýsingu og hefjast framkvæmdir næsta haust í von um að völlurinn verði tilbúinn fyrir upphaf Íslandsmótsins 2023. Þetta staðfesti Haraldur Pálsson, framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins ÍBV, í samtali við Fréttablaðið.

Fyrir helgi kom það fram á fundi bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar að eitt mikilvægasta verkefni sveitarfélagsins í aðstöðumálum íþróttafélagsins ÍBV á næstu árum sé að koma gervigrasi og flóðlýsingu á Hásteinsvöll. Gert er ráð fyrir 170 milljónum króna í uppbyggingu íþróttamannvirkja árið 2023 og 180 milljónum næstu tvö ár eftir það eða rúmlega hálfum milljarði.

„Við skoðuðum hvert nýtingarhlutfall Hásteinsvallar hefur verið undanfarin ár og ræddum við ýmsa

íþróttafulltrúa og framkvæmdastjóra hjá öðrum félögum til að skoða nýtingarhlutfall þeirra. Það var síðan efnt til félagsfundar þar sem niðurstöðurnar voru kynntar áður en kosid var um næstu skref félagsins. Stjórnin hafði ákveðnar hugmyndir um framtíðarsýn fyrir félagið sem var samþykkt á fundinum, þær hugmyndir horfðu til þess að byggt yrði félagsheimili við völlinn og handknattleikssalur, ásamt því að stækka knattspyrnuhúsið sem er hálfur völlur í dag. Að lokum kusu félagsmenn um forgangsroðunina og það varð ofan á byrjað yrði á því að leggja gervigras og koma á flóðlýsingu á Hásteinsvöll,“ segir Haraldur.

Að beiðni bæjarstjórnar hefur starfshópur unnið undirbúningsvinnu til að meta framtíðarþörf á uppbyggingu íþróttamannvirkja í Eyjum undanfarin ár og er horft til framkvæmda á næstu tíu árum.



Það stendur til að bæta íþróttasvæðið á næstu árum. MYND/ÓSKAR FRÍÐRIKSSON

Í skýrslunni lýstu bæði ÍBV og KFS því yfir að óskastaða væri að stækka knattspyrnuhöllina sem er fyrir svo að það yrði að velli í fullri stærð ásamt því að lýsa yfir áhuga að fá gervigras á velli sína.

Þá óskaði ÍBV eftir því að fá flóðlýsingu á heimavöll félagsins, Hásteinsvöll, en með lengingu Íslandsmóts karla í knattspyrnu er aukin þörf fyrir slíkan búnað sem verður fyrsta verkefnið af listanum.

„Það eru breytingar að eiga sér stað í knattspyrnuhreyfingunni á Íslandi. Það er verið að lengja mótið í von um að fá fleiri góða leiki og við ætlum okkur að vera í fremstu röð. Þá verðum við að aðlagast breytingunum,“ segir Haraldur enn fremur, aðspurður hvernig það væri að horfa á eftir grasvellinum og bætti við að með þessu myndi einnig sparast ferðakostnaður í yngri flokkum þar sem ÍBV gæti leikið á heimavelli sínum. ■





FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

ÞRIÐJUDAGUR 7. desember 2021



Mandarínur tilheyra jólanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Mandarínur á jólanótt

sandragudrun@frettabladid.is

Mandarínur eru órjúfanlegur hluti jólanna hjá mörgum enda fyllast verslanir af þessu safaríka sælgæti í aðdraganda þeirra. Ástæða þess er sú að uppskerutími þeirra er yfirleitt á haustin og yfir vetrarmánuðina, allavega á Spáni þaðan sem þær eru yfirleitt fluttar inn. Mandarínur eru fánlegar á öðrum árstíma en í minna magni enda eru þær þá fluttar lengri leið, til dæmis frá Marokkó, Egyptalandi, Argentínu og Suður-Afríku.

### Gullið í sokknum

Á Bretlandi er hefð fyrir því að fylla jólasokkinn af mandarínurum eða klementínurum á jólanótt.

Sagan segir að heilagur Nikulás, sem var biskup á Grikklandi á 4. öld og sá maður sem er fyrirmynd jólasveinsins St. Claus í dag, hafi heyrt af fátækum manni sem fann ekki maka handa dætrum sínum því hann átti ekki nægan heimanmund handa þeim. Heilagur Nikulás hafði upp á heimili mannsins og renndi þremur pokum fullum af gulli niður strompinn hjá honum. Gullpeningarnir lentu í sokkum stúlkanna þar sem þeir héngu til þerris við ofninn. Seinna fór fólk að setja klementínur eða mandarínur í sokka barna sinna sem tákni um gjafmildi dýrlingsins, en ávextirnir voru ódýrir og bragðið minnti á bjartari sumardaga. ■



## Nýtt og verkjalaust líf með Even Labs

Lísa Rún Guðlaugsdóttir hafði þjáðst um árabíl af völdum vefjagigtar. En í apríl síðastliðnum byrjaði hún að mæta í meðferðir hjá Even Labs og árangurinn er með ólíkindum. Hún vill að fólk í sömu stöðu og hún viti af þessum meðferðarmöguleika. **2**

Eftir að hafa verið eins og borðtenniskúla á milli lækna í mörg ár fékk Lísa loks greiningu á vefjagigt síðastliðið vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Lísa Rún varð öryrki rétt fyrir jólin í fyrra en fékk ekki greiningu á að hún væri með vefjagigt fyrir en 18. mars á þessu ári. „Þá hafði ég verið eins og borðtenniskúla á milli mismunandi lækna í minnst sex ár. Vefjagigtin er nátengd andlegri líðan hjá mér og áföllum, en ég er með áfallastreituröskun, þunglyndi og kvíðaröskun sem kemur í kjölfar áfalla í mínu lífi. Vefjagigtin er í raun líkaminn að segja stopp því hann þolir ekki álagið,“ segir Lísa Rún.

### Prófað marga

„Vefjagigtin, verkirnir, streita, andlegt ástand og hreyfing. Þetta tengist allt,“ segir Lísa. „Þegar þú nærð að slaka á, verkjalaus, byrjar líkaminn að lækna sig sjálfur. Náir þú að minnka streituna fara ferli í gang í heilanum sem auka vel-liðan. En ef eitt hjól er út af sporinu þá steypistu í vítahring. Ég var búin að reyna að bæta líðanina og brjóta vítahringinn svo oft en ekkert virtist bera árangur.“

Ég hafði farið í endurhæfingu á NLFÍ í Hveragerði, hjá Hvíta bandinu á Landspítalanum og í fyrrasumar var ég mjög dugleg í prógramminu á Reykjalundi. Það er visindalega sannað að hreyfing losar um endorfín sem eykur vel-liðan og gerir fólki betur kleift að vinna í sínum málum. Ég fann að ég var glöð og ánægð eftir meðferðina og hreyfinguna sem ég stundaði þar, en um leið og ég kom heim gat líkaminn ekki meir. Ég lá bara verkjuð í rúminu. Endurhæfing byggir yfirleitt á hreyfingu, en hjá vefjagigtarsjúklingi getur hreyfing sett rosalegt álag á líkamann og miklir verkir geta fylgt og þreyta. Ég var einfaldlega að þræla mér út í endurhæfingunni.

Ég hef að auki prúfað ýmsar tegundir af jóga og sumar tegundir, sem byggja á meiri slökun, eins og jóga nidra, hafa gefið mér mjög mikið á andlega sviðinu og mér líður vel af því. Sama gildir um að hekla, en það gefur mér innri ró. En ég fór líka til sjúkrahjálfa sem tók aðeins of harkalega á mér þannig að ég átti erfitt með að treysta henni aftur.“

### Augnlæknir mælti með Even Labs

„Í vor var ég komin á þann stað að leita að endurhæfingarleið sem byggði á einhverju öðru en hreyfingu. Ég var stöðð hjá augnlækni hjá Tárálind, en augnþurrkur er eitt af mörgum einkennum vefjagigtar hjá mér. Talið berst að leit minni að hentugri lausn. Þá sýnir augnlæknirinn mér vefsíðu Even Labs og sagðist hafa heyrt að þau hefðu eitthvað þar sem gæti reynst mér vel. Þetta blundaði í mér í um tvær vikur þar til ég ákvað að láta á reyna.“

### Aðeins um Even Labs

Even Labs Velliðunarsetur var opnað í nóvember 2019. Fyrirtækið leggur áherslu á andlega og líkamlega velliðan og sérhæfir sig í meðferðum sem hlúa að líkama og sál. Even Labs býður upp á Cryo kulda-meðferð og Sweat meðferð, sem losar um bjúg, hreinsar líkamann og eykur brennslu. Einnig er í boði þrýstinuddmeðferð, hljóðbylgjunudd og rauðljósa-meðferðir.

Hægt er að kaupa staka tíma eða hentugar og hagstæðar áskriftarleiðir fyrir þá sem vilja mæta reglulega. Þá eru gjafabréfin sívinsæl enda frábær gjöf sem stílar upp á velliðan.

### Lét á reyna og sér ekki eftir því

„Ég get verið svolítið hvatvís og ég vissi það að eitt skipti í einni meðferð myndi aldrei hafa nein veruleg áhrif á mig, svo ég tók ákvörðun. Ég keypti mér áskrift og ákvað að



Slökunin eftir meðferðirnar er líka dýrmæt fyrir Lísu.



Þrýstinuddið hefur reynst vel gegn fótapírringi og verkjum í höndum.

mæta þrisvar í viku í þrjár meðferðir í þrjá mánuði. Ég er gjörn á að setja mér of stór markmið og taldi það gerlegt að takmarka mig við þrjú skipti í viku. Ég tók Stjórnandapakkan og mætti því í þrýstinudd, hljóðbylgjunudd og innrauðu ljósin á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Ég var mjög slæm í höndunum þegar ég byrjaði í meðferðunum. Eftir tvö eða þrjú skipti í þrýstinuddi á höndunum fann ég að ég var orðin betri og setti því fókussinn á fæturna því ég er svo oft með fótapírring. Svo fór ég í rauðu ljósin og loks í hljóðbylgjunar.

Ég byrjaði fyrst að taka 20 mínútna meðferðartíma í hljóðbylgjunum, en þegar maður er í áskrift þá kostar ekkert meira að

fara í 40 mínútna tíma. Ég prófaði það og fann að ég fékk mun meira úr slökuninni og fór oft í hugleiðsluástand. Það er ótrúlega gott fyrir vefjagigtarsjúkling eins og mig að geta tekið nokkurra klukkutíma lú á daginn, og 40 mínútur í meðferðinni hjá Even Labs gefur mér orku eins og ég hafi sofið í þrjá tíma.“

### Nýtt líf

Eftir að hafa farið þrisvar í viku í nokkrar vikur í meðferðir hjá Even Labs tók Lísa skyndilega eftir verkjum á sunnudögum. „Það var þá sem ég uppgötvaði að meðferðirnar bæru árangur. Þetta þýddi að ég væri ekki með verki á hinum dögum. Ég var nánast verkjalaus, sem ég hafði ekki verið í mörg

“**Þetta þýddi að ég væri ekki með verki á hinum dögum. Ég var nánast verkjalaus, sem ég hafði ekki verið í mörg ár.**

ár. Ég skannaði líkamann og fann ekki fyrir neinu. Þetta var alveg nýtt líf fyrir mér.

Ég á engna hagsmuna að gæta að segja mína sögu, aðra en þá að láta fólk, sem er í sömu stöðu og ég, vita að það eru til fleiri úrræði. Það er flókið að vera vefjagigtarsjúklingur í heilbrigðiskerfinu. Það vilja allir hjálpa en læknar vita ekki hvað þeir eiga að gera við mann. Ég get ekki talið þau skipti sem mér hefur verið ráðlagt að fara út að ganga af læknum. Þú myndir aldrei segja við handlegg- og fótbrotna manneskju að fara út að ganga. Og það að ráðleggja það manneskju í vefjagigtarverkjakasti er í raun jafnfáránlegt.

Það er að auki löng bið að komast að í endurhæfingu hjá NLFÍ, Hvíta bandinu og Reykjalundi og sú endurhæfing sem er í boði ber ekki alltaf árangur fyrir alla. Svo held ég að eina alvöru úrræðið fyrir vefjagigtarsjúklinga á Íslandi sé þraut, en þar er 2,5-3 ára bið. Ég get ekki hugsað mér að versna og veslast upp á biðtímunum í úrræðin svo ég hef alltaf verið að leita, en mér finnst ég loksins geta hætt að leita núna.“

### „Varð fyrir lest“ dagar

Lísa upplifir stundum daga sem hún kallar „varð fyrir lest dagar“. „Þessa daga verkjar manni í allan líkamann. Maður skilur vart hvernig manni tekst að fara fram úr þennan morguninn og hvers vegna maður lyppast ekki niður, grátandi af verkjum. Þetta er stanslaus sársauki í skinninu, í beinunum, liðunum, úti um allt. Útskýrðu fyrir mér hvernig það er hægt að vera illt í nöglunum. Þér er einfaldlega illt alls staðar.

Síðastliðin ár hef ég upplifað ótal-marga lestardaga í mínu lífi.“

### Þetta virkar fyrir mig

„Eftir að ég byrjaði að mæta í Even Labs get ég talið á fingrum annarrar handar hversu oft „varð fyrir lest“ dagar hafa dúkkað upp, og ég veit að þeir koma bara af því ég hef trassað að mæta í meðferðirnar. Ef ég hef bara mætt einu sinni í viku í nokkrar vikur byrja ég að finna verki. Á sama tíma og lestar-dögum fækkar þá fjölgar góðu dögum.“

Ef ég er að fara út úr bænum eða ef það er stór dagur fram undan, þá verð ég að vera dugleg að mæta reglulega vikurnar á undan. Ég veit það líka að ef ég hætti að mæta, þá er það sambærilegt fyrir mig eins og að standa á lestarteinum, því ég veit að lestin kemur. Even Labs meðferðirnar virka fyrir mig og eru hluti af mínum lífsstíl. Ég útskýri fyrir börnunum mínum að það er ekki nóg að borða bara rosalega mikið af papriku á þriðjudögum til að viðhalda hollu mataræði. Það þarf að flétta lífsstílsbreytinguna smátt og smátt inn í sitt líf til fram-búðar.“

### Einblíni ekki á veikindin lengur

„Þegar ég byrjaði að mæta í meðferðir hjá Even Labs fann ég leið sem hentaði mér. Í dag er ég hætt að þæla í að reyna að komast að hjá þraut, Hveragerði eða á Reykjalundi. Ef ég er dugleg að mæta í meðferðir, og rauðu ljósin sérstaklega, þá er það nóg til að halda verkjunum niðri.“

Annað sem þetta hefur gert fyrir mig er að ég er hætt að þurfa að hugsa stanslaus um vefjagigtina og verkina. Ég þarf ekki að fara á milli lækna að útskýra mitt ástand. Even Labs hefur gefið mér tækifæri til þess að hugsa um annað en veikindin því ég þarf ekki að hafa áhyggjur af þeim. Ég veit að þetta virkar fyrir mig og ég vil að fleiri viti af þessum valkosti,“ segir Lísa að lokum.

Even Labs er staðsett að Faxafeni 14. Opnunartími er frá 9-6 alla virka daga (með möguleika að bóka lengur tvo daga í viku) og laugardaga frá 11-2. ■

Það er einstaklega einfalt að bóka tíma á heimasíðunni [evenlabs.is](http://evenlabs.is) eða í síma 419-7770.

# Bílablaðið

7. DESEMBER 2021

FRÉTTABLAÐIÐ

## Polestar 2 vís á vegi


Polestar umboðið var opnað í Brimborg á dögunum þar sem nýjasti bíll merkisins, Polestar 2, var kynntur. Hann er 100% rafbíll enda merkið hreinræktað rafbílamerki, en Polestar 1 tengiltvinnbíllinn hefur lokið hlutverki sínu enda síðasta eintakið selt á dögunum. **6**



MYND/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON



Tesla Model Y er mættur í sterka samkeppni fjórhjóladrifinna rafbíla hérlandis og nýtur þess ekki lengur að vera fyrstur á svæðið. **4**



Nissan hefur kynnt til sögunnar fjóra nýja tilraunabíla sem sumir hverjir gætu vel endað sem framleiðslubílar. **2**



BSA kynnti í vikunni fyrsta mótorhjól sitt í 40 ár. Nýja hjólið ber Gold Star-nafnið sem var flaggskip merkisins í aldarfjórðung. **8**

## ÖRUGGT START

### MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þau reynda vöru frá gæðaframleiðanda.



MAXI  
BÍLAVAKTIN

EXIDE  
TECHNOLOGIES

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma 515 1100 eða [pontun@olis.is](mailto:pontun@olis.is).

REKSTARLAND

olis



Að aftan nær hluti þaksins yfir afturrúðuna og afturljósinn teygja sig inn á afturbrettið og afturhlerann. Nýrnagrillið að framan fær svo nýjan svip.

## Hugmyndabíll frá BMW kemur á markað 2022

njall@frettabladid.is

BMW ætlar reyndar að setja þennan bíl á markað á næsta ári þótt hann sé kallaður hugmynda-bíll í augnablikinu. Þess vegna má búast við að útlitið sé nokkuð nálægt því sem hér er sýnt en bíllinn kallast XM og verður einungis í M-útgáfu.

Bíllinn er með V8 bensínvél með forþjöppu ásamt rafmótor og skilar samtals 739 hestöflum og 1.000 Nm tugi. Hann verður með hlaðanlegri rafhlöðu og þótt stærð hennar sé ekki gefin upp segir BMW að drægi hennar verði allt að 80 km.

Útlitið er nýtt og er XM fyrsti bíllinn með nýju útliti fyrir lúxusbíla sína. Nýrnagrillið er stórt og lóðrétt en með öðru lagi en áður.

» Billinn verður með V8 bensínvél með forþjöppu ásamt rafmótor og skilar samtals 739 hestöflum og 1.000 Nm tugi.

Aðalljósinn eru örþunn og falla næstum inn undir vélarhlífina. Að aftan er vinddreifir ásamt fjórum þúststútum. Bílnum er ætlað að keppa við bíla eins og Lamborghini Urus og Porsche Cayenne Turbo GT svo ekki er líklegt að við sjáum hann hérlandis í bíli. ■



Að innan verður sams konar mælaborð og í X ásamt brúnni leðurinnréttingu með koparáferð á mælaborði í bland við koltrefjar. MYNDIR/BMW



Nissan Max-Out er tveggja sæta sportbíll, Surf-Out er pallbíll með eina sætaröð og Hang-Out fjölhæfur fjölnotabíll.

## Nissan-merkið frumsýnir fjóra nýja tilraunabíla


Nissan tilkynnti fyrir skömmu hvernig tilfærsla merkisins í rafmagn til ársins 2030 myndi fara fram, en fram að þeim tíma munum við sjá 23 bíla frá merkinu sem eru annaðhvort rafdrifnir eða rafdrifnir að hluta.

njall@frettabladid.is

Meirihluti þeirra, eða 15 bílar, verða 100% rafdrifnir og með þessari frumsýningu fjögurra tilraunabíla fáum við að sjá hvernig þeir gætu lítið út.

Fyrsti bíllinn í hópnun er kallaður Chill Out og mun hann renna saman við næstu kynslóð Nissan Leaf þegar sá bíll kemur á sjónarsviðið árið 2024. Honum svipar líka til Nissan Ariya og verður byggður á CMF-EV undirvagninum. Billinn er með tvo rafmótora og því fjórhjóladrifinn en Nissan kallar það e-4ORCE eins og í Nissan Ariya. Þar sem að Chill Out er minni um sig en Ariya verður hann líklega með minni rafhlöðu en sú sem er í Ariya en hún er 87 kWst.

Nissan Max-Out er tveggja sæta opinn sportbíll sem á að marka stefnuna þegar kemur að slíkum farartækjum í framtíðinni hjá Nissan. Hann mun verða



Nissan Chill-Out gefur okkur innsýn í það hvernig næsta kynslóð Nissan Leaf geti lítið út. Hann verður byggður á sama CMF-EV undirvagni og Nissan Ariya.

» Nissan Max-Out er opinn sportbíll á meðan að Surf-Out er tveggja sæta pallbíll. Nissan Hang-Out er hins vegar fjölhæfur fjölnotabíll.

með öflugum rafmótora og skila kringum 400 hestöflum. Sá bíll sem getur vakið athygli margra Íslendinga er Nissan Surf-Out en þar er á ferðinni pallbíll með einni sætaröð. Útlitið er sérstakt með gegnsæju grilli og palllökki sem er í raun og veru ljósaskilti. Loks er Nissan Hang-Out nokkurs konar fjölnotabíll fyrir fjölskyldur. Hægt er að breyta sætaskipan og hann er með fjórum rennihurðum. Hann verður með fullkornustu útgáfu af ProPilot kerfi Nissan sem gerir hann sjálfkeyrandi að hluta. ■

MICKEY THOMPSON

M/T

JEPPADEKK



DEEGAN 38  
A/T

BAJA  
MTZp3

BAJA  
ATZp3

DEEGAN 38

BAJA  
CLAW

BAJA  
CLAW TTC

IceTrack ehf 773-4334 [mtdekk@mtdekk.is](mailto:mtdekk@mtdekk.is) [www.mtdekk.is](http://www.mtdekk.is)



Myndin frá Lexus sýnir hliðarlínur RZ sem líkjast mjög LF-Z tilraunabílnum.

## Lexus RZ verður byggður á bZ4x

njall@frettabladid.is

Lexus tilkynnti í síðustu viku að nýr rafbíll merkisins muni heita RZ og verður hann fyrsti rafbíll merkisins sem er hannaður frá grunni sem rafbíll. Lexus RZ verður byggður á sama e-TNGA undirvagni og Toyota bZ4x rafbíllinn en verður þó með aðeins meira hjólhafi. Það þýðir að hann hefur möguleika á aðeins stærri rafhlöðu með meira drægi. Myndir sem Lexus hefur birt af bílnum sýna að hann líkist mjög LF-Z tilraunabílnum með sínu langa húddi og ákveðinni þaklinu.

Lexus RZ mun fá aðeins meiri tæknibúnað en systurbíllinn og má þar til dæmis nefna DIRECT4 drifkerfið, en það er fjórhjóladrif sem getur skipt á milli framdrifs og afturdrifs og allt þar á milli. Stýrið verður einnig alveg rafstýrt sem þýðir að það nemur hraða bílsins og ákveður hversu mikið það leggur á hjólin hverju sinni. Það þýðir að hægt verður að framkvæma U-beygju með því að leggja aðeins 150 gráður á stýrið á lítilli ferð.

Lexus RZ verður kynntur á fyrri helmingi næsta árs en engin verð eru kominn á bilinn ennþá. ■



MITSUBISHI  
MOTORS  
Drive your Ambition

# Nýja ljósið í skammdeginu



## Tryggðu þér Eclipse Cross fyrir áramót og sparaðu 960.000 kr.\*

Við náðum inn sendingu til að þú getir fullnýtt niðurfellingu virðisaukaskatts fyrir áramót. Bættu nýju ljósi í skammdegið strax í dag og fáðu þér nýjan tengiltvinnbíl á frábæru verði frá aðeins **5.490.000 kr. til afhendingar strax**. Tryggðu þér bíl fyrir hækkun um áramót og keyrðu á nýjum Eclipse Cross inn í nýtt ár.



Jólapakki fylgir

Vetrardekk, gúmmimottur,  
motta í skottið og aurhlífar.

Sparaðu 960.000 kr.\*

**H** HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · [hekla.is/mitsubishisalur](http://hekla.is/mitsubishisalur)  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Bílakjarninn Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

\*Samkvæmt lögum munu ívilnanir stjórnvalda falla að fullu niður á nýju ári og tengiltvinnbilar því hækka í verði um áramótin. Núverandi ívilnanir eru í formi niðurfellingar á virðisaukaskatti um 960.000 kr. af hverjum bíl. Að öllu óbreyttu mun sú upphæð leggjast við kaupverð á Eclipse Cross árið 2022.

Eclipse Cross PHEV 4x4



Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

## Reynsluakstur

# Tesla Model Y

### KOSTIR

- Afl
- Rúmgóður
- Drægi

### GALLAR

- Stíf fjöðrun
- Handföng
- Útsýni aftur

**Grunnverð:** 7.904.579 kr.  
**Hestöfl:** 384  
**Tog:** 527 Nm  
**Hröðun 0-100 km:** 5,0 sek.

**Hámarkshraði:** 217 km  
**Rafhlaða:** 75 kWst.  
**Eigin þyngd:** 2.003 kg  
**Drægi WLTP:** 507 km

**Veghæð:** 170 mm  
**L/B/H:** 4.750/1.920/1.624 mm  
**Hjólhaf:** 2.891 mm  
**Farangursrymi:** 854 lítrar



Tesla Model Y er mjög svipaður litla bróður í útliti þótt þak og afturendi liggi hærra.

MYNDIR/TRYGGVI  
ÞORMÓÐSSON

## Mætir seint í partíið

Margir hérlendis hafa beðið eftir Tesla Model Y þar sem að hann er bíll af þeirri gerð sem er hvað vinsælastur meðal landans. Þar á ég við fjórhjóladrifinn bíl með hærri sætishæð og jepplingslagi og ekki skemmir fyrir möguleiki á þriðju sætaröðinni.

Bíllinn byggir á sama grunni og Model 3 og er með sams konar undirvagni og rafmóturum, og deila þeir sömu ihlutum að mestu leyti.

Þegar horft er til þeirra meginþátta sem bílar þurfa að hafa til að standa sig vel í prófunum eru fá box sem að þessi bíll fyllir ekki í. Hann er rúmgóður, öflugur með afbrigðum og laglegur á að líta. Tesla hefur ákveðið forskot þegar kemur að rafhlöðum til að mynda og þar svikur þessi ekki með 507 km drægi.

### Sumt veldur vonbrigðum

Eins vel og bíllinn lítur út á pappír eru samt nokkur atriði sem valda hreinlega vonbrigðum. Það fyrsta sem maður verður var við er að Tesla hefur í engu breytt aðgengi bílsins sem er með sömu handföngum og áður ásamt kortinu sem veifa þarf á ákveðnum stað til að opna bíllinn. Eftir að hafa prófað nokkra bíla að undanfögnu þar sem ekki þarf að gera annað en að vera með „lykilinn“ í vasanum og ræsa bíllinn með því einu að setja hann í gir, er illskiljanlegt af hverju Tesla ákveður að hafa þetta svona áfram. Þegar búið er að jafna sig á þeim vonbrigðum tekur betra við innandyra. Bíllinn er vel rúmgóður og þægilegur við fyrstu skodun.

Við ætlum ekki að eyða mörgum orðum í uppsetningu Tesla á mælaborði þar sem næstum allt fer fram gegnum skjáinn, meira að segja stillingar á stýri. Þegar maður hefur vanist því einu sinni, sem tekur ekki langan tíma, er kerfið þægilegt í notkun og blátt áfram.

### Jepplingur eða ekki?

Margir hafa spurt hvort bíllinn geti talist jepplingur þar sem hann er fjórhjóladrifinn en það eru nokkur atriði sem koma í veg fyrir það að mati undirritaðs. Veghæðin er 170 mm sem er til dæmis sambærilegt við margan jepplinginn sem nú er í boði. Fjöðrun bílsins er í stífara lagi og einfaldlega of stutt til að bíllinn komi vel út á malarvegi, hvað þá einhverjum slóða. Þó að bíllinn liggi vel, þökk sé tvöfaldrí klafafjöðrun að framan með jafnvægisstöng og fjölliða að aftan, einnig með jafnvægisstöng, virkar hann hastur á ósléttum, íslenskum vegum. Til að bæta gráu ofan á svart dempa sætin sama og ekkert svo að maður finnur sífellt fyrir hreyfingu í sætinu vegna þess.

Hægt er að setja bíllinn í nokkurs konar torfærustillingu þar sem að tölva bílsins reynir að dreifa betur átaki þegar eitt hjólanna missir grip. Það eitt og sér gerir þó ekki mikið og 19 tommu lágbarða dekk ekki heldur. Á sléttu malbiki er Tesla Model Y þó eins og hugur manns, þar sem að ávanabindandi aflið og vel uppsett stýrið gerir bíllinn mjög skemmtilegan í akstri.

### Vel búinn en frekar dýr

Óhætt er að segja að kaupandinn fær dálítið fyrir sinn snúð í Model Y enda er bíllinn vel búinn. Nægir að nefna þætti eins og rafdrifin framsæti, glerþak, fullkominn árekstrarvara með neyðarhemlun, tvöfalda símahleðslu, 14 hátalara hljómtæki og margt fleira. Þar fyrir utan er búnaður eins og Sentry Mode-vöktun skemmtileg viðbót, sem þó getur klipið aðeins af hleðslu bílsins ef hún er stöðugt í notkun. Mikill kostur er líka að aðgangi að hleðsluneti Tesla sem er að verða nokkuð gott á Íslandi.

Verðið er samt í stífara kantinum þegar horft er til þess samanburðar sem nú er í boði. Fyrir eru bílar eins og VW ID.4 GTX, Jaguar I-Pace, Mercedes-Benz EQC og Ford Mustang Mach-E. Verðin



Með öikumannssæti í öftustu stöðu er enn gott pláss fyrir fætur aftur í.



Án þriðju sætaraðarinnar er feikilega gott pláss aftur í Model Y og hólfíð undir gólfinu gott fyrir smærri hluti.

á Jagúarnum og Benzínnum eru einfaldlega ekki samkeppnishæf en ID.4 GTX kostar frá 7.150.000 kr. og fjórhjóladrifinn Mustang Mach-E frá 7.990.000 kr. Einnig eru komnir á markað Kia EV6 og Ioniq 5 þar sem fjórhjóladrifinn EV6 með sambærilegri rafhlöðu kostar frá 7.350.777 kr. og Ioniq 5 frá 6.990.000 kr. Tesla Model Y er þarna í efri mörkum í verði og samkeppnin er farin að narta í hælana á Tesla hvað varðar drægi, búnað og pláss. Fyrir vikið verður Tesla Model Y eins og gesturinn sem allir voru að bíða eftir, sem mætti seint í partíið og var svo bara nokkurn vegin á pari við þá sem fyrir voru. ■



Sams konar mælaborð er í Model Y og Model 3 enda deila þeir 75% sömu hluta.



Model Y kemur á 255 mm breiðum Nokian vetrardekkjum á 19 tommu felgum.



Sömu handföng eru á Model Y og Model 3 sem reyndust ekki vel í frosti þegar við prófuðum þristinn.

# Fasteignablaðið

41. TBL. 7. DESEMBER 2021

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

## VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM



Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

**LANDMARK**  
 FASTEIGNAMIÐLUN

 Reykjavík  
 Snæfellsbæ  
 Höfn Hornafirði

**VALHÖLL**  
 FASTEIGNASALA  
 STOFNÚD 1995

 588 4477  
 Síðumúla 27  
 www.valholl.is

 Ingólfur Geir Gissurarson  
 Framkvæmdastjóri, lög-  
 fasteignasali, leigumálarí  
 896 5222  
 ingolfur@valholl.is

 Heiðar Friðjónsson  
 Sölustjóri, löggitur  
 fasteignasali B.Sc  
 693 3356  
 heidar@valholl.is

 Hildur Harðardóttir  
 Lögfræðingur, löggitur  
 fasteignasali, skjalagerð.  
 897 1339  
 hildur@valholl.is

 Snorri Snorrason  
 Löggitur fasteignasali  
 895 2115  
 snorri@valholl.is

 Hólmfríður Björgvinsdóttir  
 Ritari  
 ritari@valholl.is  
 588 4477  
 holmfridur@valholl.is

 Hrafnhildur B. Baldursdóttir  
 Löggitur fasteignasali.  
 BA í Stjórnslátræði.  
 862 1110  
 hrafnhildur@valholl.is

 Pétur Steinar Jóhannsson  
 Aðstoðarm. fasteignasala  
 Snæfellsnesi  
 893 4718  
 petur@valholl.is

 Anna F. Gunnarsdóttir  
 Löggitur fasteignasali  
 Listi og innanhúss stílisti  
 892 8778  
 anna@valholl.is

 Sturla Pétursson  
 Löggitur fasteignasali  
 899 9083  
 sturla@valholl.is

 Elin Viðarsdóttir  
 Löggitur fasteignasali  
 695 8905  
 elin@valholl.is

**Fagleg þjónusta**  
**Vönduð vinnubrögð**

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Blönduhlíð 27 er austan megin við Lönguhlíð. Húsið er einkar glæsilegt og þar hefur verið vandað til verka alla tíð.

## Falleg og fjölskylduvæn í Hlíðunum

Um er að ræða einstaklega bjarta, glæsilega og fjölskylduvæna efri hæð í eftirsóttu hverfi í Hlíðunum.

Miklaborg og Jörunn, löggiltur fasteignasali, kynna í einkasölu Blönduhlíð 27.

Húsið er glæsilegt, steinsteypt íbúðarhús þar sem vandað var til verka strax í upphafi og skapar húsið fallega götumynd enn í dag. Blönduhlíð 27 er kjallari, tvær hæðir og ris sem er ósamþykkt.

Efri hæðin er með forstofu, stigahús með útgengi á svalir til vesturs, hol, eldhús sem er opið inn í stofu, stofur með útgengt út á suður svalir, hjónabergi með badherbergi inn af, tvö nokkuð rúmgóð svefnherbergi, badherbergi með glugga og góðri snyrtiaðstöðu. Í kjallara er sameiginlegt þvottahús og sérgeymsla með glugga.

Anddyri/hol er með miklum skápum. Hjónabergið er stórt með skápum og sér badherbergi

með sturtuadstöðu. Tvö rúmgóð barnaherbergi. Flísalagt badherbergi með upphengdu salerni, badkari með sturtuadstöðu og fallegri innréttingu með handlaug og spegli. Eldhús er hluti af borðstofu. Það er innréttað í U og opið inn í stofu. Breytingar voru gerðar árið 2007 þegar eldhúsið var fært inn af stofum og svefnherbergi gert þar sem eldhúsið var áður. Úr borðstofu er útgengt á suðursvalir. Stofan er stór með gluggum í þrjár áttir. Bílskúr fylgir hæðinni og býður upp á mikla möguleika, þar er frárennislíslör, hiti, heitt og kalt vatn, rafmagn og tvær göngudyr.

Stærð eignarinnar er samtals 172,8 fermetrar, þar af er bílskúrinn 52,8 fermetrar. Sérafnotaréttur á staði fyrir framan bílskúr sem er vestan megin við innkeyrslu.

Töluverðar endurbætur hafa átt sér stað á eigninni. Lagður var tölvustýrður gólfhiti í alla íbúðina, badherbergi endurnýjuð, og skápar og gólfefni með Pergo parketi.

Net- og loftnetstenglar eru í öllum herbergjum. Húsið var steinað árið 2003, þak var endurnýjað fyrir ári og sumarið 2020 var öllum gluggum skipt út, ásamt svalahurð í stigagangi. Rafmagnstafla í sameign er endurnýjuð og nú er verið að endurnýja frárennislagnir og dren, ásamt því að jarðvegsskipta innkeyrsluna við bílskúrinn, sem skilast gróffjöfnuð. Þessar framkvæmdir eru á kostnað húsfélags og eiganda.


Blönduhlíð 27 er á frábærum stað í Hlíðunum og einstakt að öll menntastig eru innan hverfisins. Einnig iþróttamannvirki þar sem börn þurfa ekki að fara yfir umferðargötu og öll aðstaða frábær fyrir fjölskyldufólk. Stutt í náttúruna, falleg útivistarsvæði, stofnbraut, verslun, menningu og listir. ■

Nánari upplýsingar veitir Jörunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845 8958 eða jorunn@miklaborg.is.

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —


**Beinn sími: 550 5625**
**Sölufulltrúar:**

 Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
 Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

**heimili**  
 fasteignasala  
 á traustum grunni

Finnþogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is





Jón Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.  
Jónsson  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



Elín D. Guðmunds-  
dóttir  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



Úlfar Freyr  
Jóhannsson  
hdl og lögg.  
fasteignasali  
ulfar@fastmark.is



Sigríður  
Kjartansdóttir  
Lögg. fasteignasali  
sigridur@fastmark.is



Gísli Rafn  
Guðfinnsson  
Aðstoðarmaður  
fasteignasala  
gisli@fastmark.is



Hallveig  
Guðnadóttir  
Skrifstofustjóri  
hallveig@  
fastmark.is

## Eignir óskast á skrá.

# Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn sölubóknun

### Haukanes - Garðabæ. Glæsilegt einbýlishús. Sjávarútsýni.



- Glæsilegt og vandað 517,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á 1.222 fm. eignarlóð með sjávarútsýni á Arnarnesinu.
- Húsið er vandað í alla staði með sérsmiðuðum innréttingum. Aukin lofthæð á báðum hæðum. Stór flisalagður bílskur. Extra háar innihurðir. Fallegir listar í loftum og extra háir hvítir gólflistar.
- Lóðin er eignarlóð, afgirt að miklu leiti og snýr að mestu til suðurs. Framlóð snýr til norðurs og er með mjög stórra bomanite steyptri innkeyrslu og stéttum, tyrfóri flöt og malarbeðum.

Verð 295,0 millj.

### Brákarbraut 11 og 11A - Borgarnesi



- Einstaklega falleg eign sem samanstendur af 225,8 fm. heilli húseign á þremur hæðum auk 61,3 fermetra gestahúss. Eignirnar seljast eingöngu saman.
- Stærri húsið er Kaupangur sem er 225,8 fm. að stærð og er sögufrægt einbýlishús sem upphaflega var byggt árið 1876 og stendur á 2634,0 fm. lóð.
- Minna húsið er Suðurklettur sem byggt var árið 1950 er 61,3 fermetra hús og stendur á 475,0 fermetra lóð.
- Einstaklega fallegur útsýnisstaður við Brákarbraut í Borgarnesi.
- Rekið var gistiheimili og kaffihús í eigninni áður, og auðvelt að setja upp aðstöðu fyrir rekstur.

Verð 87,5 millj.

### Garðabær

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna í Garðabæ fyrir trausta kaupendur

### Skólavörðustígur 16a - Útsýnisíbúð.



Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.00 - 17.30

- 111,2 fermetra 3ja - 4ra herbergja útsýnisíbúð á 5. og 6. hæð í lyftuhúsi við Skólavörðustíg. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bilageymslu á jarðhæð hússins.
- Tvær íbúðir eru á hæðinni. Rúmgóðar svalir til suðvesturs þaðan sem nýtur mikils útsýnis.
- Mikil lofthæð og ofanbirta er í stofum. Einnig aukin lofthæð á efri hæð. 2 svefnherbergi.
- Staðsetning eignarinnar er í hjarta miðborgarinnar þaðan sem stutt er í alla þjónustu og mannlíf.

Verð 89,9 millj.

### Stórhöfði 17. Atvinnuhúsnæði - útsýni.



- 237,2 fermetra atvinnuhúsnæði á 4. og 5. hæð að Stórhöfða 17- 2. hæð að framanverðu.
- Eignin hefur verið nýtt fyrir heilsutengda starfssemi, en gæti einnig verið fyrir hvers konar skrifstofu starfsemi.
- Eignin skiptist í anddyri, móttöku, þrjú salerni, 7-8 herbergi, þvottaherbergi og stóran sal með fullbúnu eldhúsi sem getur nýst sem veitingasala eða til námskeiðishalds.
- Gott aðgengi og glæsilegt útsýni er yfir Grafarvoginn. Stórt malbikað bílapiplan með fjölda bílastæða.

Verð 64,9 millj.

### Dugguvogur - 3ja herbergja endaíbúð



- Smekklega innrétuð 106,9 fermetra endaíbúð með gluggum í þrjár áttir og rúmgóðum suðursvölum í nýju fjölbýlishúsi með lyftu við Dugguvogur í Reykjavík auk sér bílastæðis í bilageymslu.
- Stofa með guggum til suðurs og vesturs. Komin er heimild til að byggja yfir svalir.
- Seljendur hafa sett dimmera á flest ljós í íbúðinni og bætt nettengingar.
- Sólarhrindandi rúlluguggatjöld eru fyrir öllum gluggum í íbúðinni og Blinds í hjónaherbergi.
- Sameiginleg falleg og fullfrágengin lóð til suðurs, skjólsæl með veröndum, tyrfðum flötum og stéttum.

Verð 67,9 millj.

### Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.



- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuþæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hjóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílapiplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

Verð 129,5 millj.

### Skeifan 6 - Til leigu



- Til leigu nýstandsett um 220 fermetra skrifstofuhúsnæði auk um 300 fermetra lagerhúsnæðis þar sem innangengt er á milli á jarðhæð hússins nr. 6 við Skeifuna í Reykjavík en í húsinu eru einnig verslunin EPAL og Everest.
- Góðir gluggar eru til suðurs og austurs á skrifstofuhúsnæðinu og góðar innkeyrsludyr og aðkoma bakatil fyrir lagerhúsnæðið.
- Inngangur að framanverðu er sameiginlegur um stíghús sem nýtt er af tveimur öðrum fyrirtækjum í húsinu en einnig er hægt að hafa sérinngang bakatil.

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



EINSTAKT  
ÚTSÝNI



**PANTID SKOÐUN**  
hjá Jóranni í síma **845 8958**



### Faxaskjól 18

107 Reykjavík

**Fallegt 329 fm einbýlishús með glæsilegu sjávarútsýni**

- Eitt af fáum einbýlishúsum borgarinnar við Skerjafjörð
- Glæsilegt sjávarútsýni / glæsilegar stofur
- Sjö rúmgóð og björt svefnherb.
- Möguleiki á þremur íbúðum
- Öll rýmin rúmgóð og björt
- Hiti í gólfum í kjallara
- Einstök staðsetning



Nánari upplýsingar:  
**Jörunn Skúladóttir**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958  
jorunn@miklaborg.is

Verð: **169 millj.**

EINSTAKT  
ÚTSÝNI



**PANTID SKOÐUN**  
hjá Þórunni í síma **773 6000**



### Marbakkabraut 26

200 Kópavogur

**Einstök hönnunarperla eftir Manfréd Vilhjálmsson á veðursælli 992fm sjávarlóð**

- 225,7 fm þar af er bílskúr 30,2 fm.
- Öll hönnun miðar að því að magnað sjávarútsýnið njóti sín sem best.
- Á neðri hæð er eldhús, borðstofa, stofur, svefnherbergi, snyrting og þvottahús og innangengt í bílskúr
- Uppi er hjónaherbergi, baðherbergi og barnaherbergi.
- Yfir bílskúr er um 30 fm risloft með mikilli lofthæð.



**Þórunn Pálsdóttir**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 773 6000  
thorunn@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**



### Grandavegur 42b

107 Reykjavík - íb. 101

**Stórglæsileg 124,6 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð með 2 yfirb. svölum**

- Alrými með set- og borðstofu og eldhús með eyju
- 2 svefnherbergi
- 2 baðherbergi
- Tvennar svalirnar samtals 36,6 fm snúa í norður og suður, útsýni útá sjó
- Stæði í bílageymslu

**PANTID SKOÐUN**  
í síma **775 1515** eða **770 0500**



**Íris Arna Geirsdóttir**  
aðst. fasteignasala  
Sími: 770 0500  
iris@miklaborg.is

Verð: **94,9 millj.**

**NÝTT Í SÖLU**



### Blönduhlíð 27

105 Reykjavík

**Falleg 172,8 fm efri hæð í Hlíðunum með bílskúr**

- Hæðin skipar: forstofu, stíghús með útgengt á svalir til vesturs, hól, eldhús sem er opið inn í stofu, stofur með útgengt út á suður svalir,
- 3 svefnherbergi
- Tvö baðherbergi, eitt innan hjónaherbergi hitt í holi
- Sérafnotaréttur fyrir framan bílskúr, möguleiki á 3-4 bílum

**PANTID SKOÐUN**  
hjá Jóranni í síma **845 8958**



**Jörunn Skúladóttir**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958  
jorunn@miklaborg.is

Verð: **84,9 millj.**



**OPID HÚS** fimmtudaginn 9. desember kl. 17.00 - 17.30

### Ofanleiti 19

103 Reykjavík

**Vel skipulögð 131 fm 4 herb. endaíbúð á 4. h efstu, með bílskúr.**

- Suður svalir
- Möguleiki á að hafa 4 svefnherbergi
- Þvottahús innan íbúðar
- Snyrtilegt hús og íbúð
- 21,4 fm bílskúr

**PANTID SKOÐUN**  
hjá Jasoni í síma **775 1515**



**Jason Ólafsson**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515  
jko@miklaborg.is

Verð: **66,9 millj.**

**NÝTT Í SÖLU**



### Elliðabraut 16

110 Reykjavík - íb. 102

**Falleg 56,2 fm íbúð tveggja herbergja í nýju lyftuhúsi.**

- Eldhús og stofa í opnu rými.
- Hátt til lofts er í íbúðinni.
- Gólfsíðir gluggar.
- Rúmgott svefnherbergi með fataskápum.
- Svalir til suðvesturs.
- Lofttræstikerfi er í húsinu.
- Sérgeymsla í kjallara.

**PANTID SKOÐUN**  
í síma **775 1515** eða **770 0500**



**Jason Ólafsson**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515  
jko@miklaborg.is



**Íris Arna Geirsdóttir**  
aðst. fasteignasala  
Sími: 770 0500  
iris@miklaborg.is

Verð: **47,9 millj.**



Góðar leigu tekjur

### Skúlagata 10

101 Reykjavík

**Glæsilegt 149 fm hús-næði, búið að skipta í tvær íbúðir eða skrifstofur**

- Sérinnangangur, gólfsíðir gluggar
- Nýbúið að endurnýja alveg, eldhús, baðherbergi, stofur, gólfefni, lofttræstikerfi sem og raflagnir
- Húsnæði á einu fastanúmeri
- Einstök staðsetning við miðborg Reykjavíkur
- Laust strax.

**PANTID SKOÐUN**  
hjá Jóranni í síma **845 8958**



**Jörunn Skúladóttir**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958  
jorunn@miklaborg.is

Verð: **94,9 millj.**

**NÝTT Í SÖLU**



### Vatnsstígur 22

101 Reykjavík - íb. 305

**Falleg 2ja herbergja 74,6 fm íbúð á 3. hæð**

- Stofa og eldhús í opnu rými, svefnherbergi, baðherbergi, sér þvottah.
- 11,7 fm svalir til suðvesturs
- Lofthæð er um 2,7 metrar.
- Gólfhiti
- Sérgeymsla í kjallara
- Án stæðis í bílageymslu

**PANTID SKOÐUN**  
hjá Jasoni í síma **775 1515**



**Jason Ólafsson**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515  
jko@miklaborg.is

Verð: **62 millj.**

**MIKLABORG**

Með þér  
alla leið

569 7000 | Lág múla 4 | miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



### Skjólbraut 3A, 200 Kóp. 3JA HERBERGJA NEÐRI HÆÐ Í 2-BÝLI.



Skjólbraut 3A, Kópavogi. Falleg 85 fm neðri hæð í 2-býli á rólegum stað í Kópavogi. Íbúðin skiptist í stofu, tvö svefnherbergi og eldhús. Sameiginlegt þvottahús á hæð. Stór sameiginleg lóð. **Verð Tilboð.**

Nánari upplýsingar, hlynur@fold.is / 624-8080.

### Tvær eignarlóðir við Apavatn GOTT VERÐ.



Tvær samliggjandi lóðir við Háuhlið 14 og 16, Grímsnes- og Grafningshreppi, samtals 1,1 hektari. Mikil útsýni. Hvor lóð er 5700 FM. Standa í hallandi landslagi við rætur Mosfells. Gróin lóð með fjalldrapa og berjalyngi. Búið að planta töluvert af trjám. Símahlið. Kalt vatn og rafmagn við lóðarmörk. **Verð 6 millj.** Nánari upplýsingar gefur Gústaf Adolf / gustaf@fold.is / 895-7205.

### Brekkugerði 30, 108 Rvk. neðri hæð í 2-býli. OPIÐ HÚS ÞRI 7/12 KL. 16:30-17:00.



Brekkugerði 30, 108 Rvk., 3ja herbergja íbúð á neðri hæð í 2-býli, samtals 70 FM. Séríngangur. Parket og flísar á gólfum. Búið að endurnýja eldhús, bað og gólfefni. Tvö svefnherbergi. Sameiginlegt þvottahús á sömu hæð ásamt geymslu. Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum tíðina. **Verð 48,9 millj.**

Gæta þarf að sóttvörnum. Nánari upplýsingar gustaf@fold.is / 895-7205.

### Sætún á Kjalarnesi, REYKJAVÍK.



Tvær eignarlóðir með atvinnuhúsnæði og byggingarrétti. Á annari lóðinni er 630 FM endurnýjað atvinnuhúsnæði með innkeyrsludryrum auk 850 FM byggingarréttis. Á hinni lóðinni er 2319 FM byggingarréttur fyrir atvinnuhúsnæði, teikningar og hugmyndir liggja fyrir, en kaupandi getur mótað svæðið að sýnum hugmyndum. **Allar nánari upplýsingar veittar á Fold fasteignasölu.**

### Lóðir VIÐ HAFRAVATN OG Í MIÐDALSLANDI II



**Sumarhúsalóð við Hafravatn.** Frá lóðinni er mjög gott útsýni yfir vatnið. Lóðin er rúmlega 2500 FM eignarlóð á frábærum stað. **Verð 14,9 millj.** **Falleg 1 HA sumarhúsalóð** í Miðdalslandi II sem er mjög stutt frá borgarmörkum. **Verð 9,9 millj.** Einstakt tækifæri til að eignast lóðir á höfuðborgarsvæðinu. **Nánari upplýsingar á skrifstofu.**

## Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

### Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á [www.fold.is](http://www.fold.is) – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

**Þú finnur okkur á [fold.is](http://fold.is)**

# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur og Reykjavík



#### DVERGHOLT 1 · 220 HFJ.



76,3 ferm.

2ja herb.

302 íbúð nr.

Búseturéttur: 4.958.800 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 182.564 kr.  
Mögulegt lán: 1.200.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í febrúar.

#### TRÖNUHJALLI 17 · 200 KÓP.



82,4 ferm.

3ja herb.

102 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.072.841 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 192.645 kr.  
Mögulegt lán: 1.300.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

#### BREIÐAVÍK 31 · 112 RVK.



87 ferm.

3ja herb.

202 íbúð nr.

Búseturéttur: 4.898.652 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 171.384 kr.  
Mögulegt lán: 1.000.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í janúar.

#### SKÓLATÚN 6 · 225 GBR.



104,2 ferm.

4ra herb.

202 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.551.067 kr.  
Mánaðarlegt búsetugjald: 212.399 kr.  
Mögulegt lán: 1.500.000 kr.  
Afhending að ósk seljanda: Í janúar.

#### ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

#### INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

#### ÁÐUR AUGLÝSTAR ÍBÚÐIR

Fyrsta umsækjenda gefst kostur á að ganga frá kaupum óháð félagsnúmeri. Ef ekki berst hámarkstilboð hefur seljandi rétt til að gera gagntilboð eða hafna tilboðinu.

#### NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til 15. desember kl. 16. Rafræn úthlutun: 16. desember kl. 12. Umsækjendum er raðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:



HAFÐU SAMBAND

WWW.BUSETI.IS  
buseti@buseti.is  
Sími: 556 1000



# YAMAHA

**5**  
ÁRA  
ÁBYRGÐ

LÁNSHLUTFALL  
ALLT AÐ  
**75%**  
/ ALLT AÐ 60 MÁNUÐI

**ÁREIÐANLEIKI KRAFTUR GÆÐI**

TRAUSTIR VINNUPJARKAR OG LEIKFÉLAGAR



**ÞÆGILEGT GREIÐSLUFORM Á ALLRA FÆRI**



» **GRIZZLY 700 EPS SE**  
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing  
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla  
**Verð: 2.560.000 kr.**  
**38.877 kr.\***  
afborgun á mánuði \*\*



» **GRIZZLY 700 EPS SE**  
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing  
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla  
**Verð: 2.560.000 kr.**  
**38.877 kr.\***  
afborgun á mánuði \*\*



» **GRIZZLY 700 EPS**  
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing  
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla  
**Verð: 2.410.000 kr.**  
**36.626 kr.\***  
afborgun á mánuði \*\*\*



» **KODIAK 700 EPS**  
700cc-fjörgengis-4WD-H/L drif-driflæsing  
spil-307kg -rafmagnsstýri-dráttarkúla  
**Verð: 2.150.000 kr.**  
**32.724 kr.\***  
afborgun á mánuði \*\*\*\*



\*Afborganir miðast við Lykillán fyrir 75% af kaupverði til 60 mánaða frá Lykli fjármögnun. Vextir miðast við 6,2% breytilega vexti og eru tengdir við eins mánaða reibor vexti. Viðskiptavinir eru hvattir til að kynna sér lánaskilmála Lykillána á heimasíðu Lykils [www.lykill.is](http://www.lykill.is). Árleg hlutfalltala kostnaðar – ÁHK er \*\* 8,19% - \*\*\* 8,22% - \*\*\*\* 8,29 - Öll verð innifela virðisaukaskatt.



**YAMAHA Á ÍSLANDI**  
ARCTIC TRUCKS





Njáll  
Gunnlaugsson  
njall  
@frettabladid.is

Reynsluakstur

# Polestar 2

## KOSTIR

- Aksturseiginleikar
- Sæti
- Upplýsingaskjær

## GALLAR

- Rými í aftursætum
- Útsýni aftur

**Grunnverð:** 6.750.000 kr.  
**Hestöfl:** 408  
**Tog:** 660 Nm  
**Hröðun 0-100 km:** 4,7 sek.  
**Hámarkshraði:** 205 km

**Rafhlaða:** 78 kWst.  
**Drægi:** 480 km  
**Hleðsluafköst AC:** 11 kW  
**Hleðsluafköst DC:** 155 kW  
**L/B/H:** 4.606/1.985/1.479 mm

**Hjólhaf:** 2.735 mm  
**Veghæð:** 151 mm  
**Eigin þyngd:** 2.113 kg  
**Dráttargeta:** 1.500 kg

## Vís á vegi

Nýjasta merkið í ört stækandi rafbílaflóru landsins er Polestar, en Brimborg kynnti á dögunum fyrsta bíl þeirra, Polestar 2. Nafnið stendur einfaldlega fyrir pólstjórnuna sem var leiðarstjarna sjómanna á öldum áður.

Kannski var það engin tilviljun að kynningin er stuttu fyrir jóla, en Betlehemsstjarnan vísaði vitringunum veginn fyrir 2000 árum síðan. Vitringarnir sem mættir voru á kynninguna voru þó í engum smalakofa heldur vel lýstum sýningarsal, sérstaklega fyrir nýja merkið.

### Góðir aksturseiginleikar

Polestar er einn af þessum bílum sem lætur ökumanni strax líða vel á bak við stýrið. Þar spilar margt inn í eins og nákvæmt stýri, góð fjöðrun, kraftur og grip.

Það kannast margir við að rafbílur liggja vel vegna þess hve þyngdin er neðarlega en þar með er ekki öll sagan sögð. Vaninn er að það þýði annað hvort það að billinn er með stífari fjöðrun eða leggst talsvert í beygjurnar vegna aukins þunga. Því er ekki að heilsa í Polestar 2 sem liggur eins og klessa á veginum og haggast ekkert. Þegar tekið var á bílum á vel völdum stað komu þessir eiginleikar hans vel í ljós og það sem meira var, að hann leyfir líka smá dans með ökumanni ef slökkt er á spólvörninni. Hann er sá rafbíll sem kemst næst því að keyra skemmtilegan sportbil með brunahreyfli af þeim rafbílum sem undirritaður hefur prófað. Það er þó ekki þar með sagt að billinn sé hastur á hraðahindrunum því hann tekur vel við ójöfnum af því tagi.

### Vel heppnað ökumansrými

Ökumansrými Polestar 2 er sérlega vel hannað og sætin eru einstaklega þægileg enda ættuð frá Volvo. Miðjustokkur er frekar fyrirferðarmikill sem er bæði kostur og galli. Þægilegt er að hvíla höndina þar en pláss fyrir hné framsætisfarþega er takmarkaðra fyrir vikið. Lóðréttur upplýsingaskjærinn í bílnum er vel hannaður og einfalt og hnökralaust að nota hann.

Ef maður vill vera smámunasamur má nefna að sólskygginn ökumans mætti gjarnan vera aðeins lengra til vinstri þar sem það er nokkuð bil vinstra megin þar sem sólin sleppur í gegn, en um leið og skyggir það aðeins á baksýnisspiegel. Eins er útsýni um afturrúðu ekkert sérstakt þar sem að höfuðpúðar skyggja vel á, en bakkmyndavél sem sýnir bilinn ofan frá bætir þar úr. Góðir hliðarspeglar sem ná með spegilinn alveg út á brún gera líka sitt til að bæta fyrir það.

### Lítið rými í aftursætum

Helsti ókostur Polestar 2 er pláss í aftursætum sem er óvenjulegt í rafbíli í þessari stærð. Fótaþlássíð er ekki það sama og maður á að venjast og auk þess þarf að smeygja sér í aftursætið. Þegar þangað er komið kemur í ljós að höfuðrými er þannig að meðalmaður eins og greinarhöfundur er með höfuðið þétt upp við bitann milli glerþaks




Polestar 2 liggur mjög vel á vegi og er skemmtilegur í akstri.

MYNDIR/TRYGGLI ÞORMÓÐSSON



Uppsetning snertiskjásins er einföld og fljótleg leið í allar aðgerðir.



Hægt er að slökva á spólvörninni með einfaldri aðgerð á skjánum.



Fótarymi er af skorum skammti og einnig höfuðrými með glerþakinu.



Húðrými er í minna lagi eða 35 lítrar og dugir því varla fyrir meira en hleðslukaplana.



Farangursrými er djúpt og gott og hlerinn er stór og opnast vel og því er farangursrýmið mjög aðgengilegt.

og hliðarrúðu. Farangursrými er hins vegar ágætlega rúmgott með sína 405 lítra en fyrst og fremst er það aðgengilegt og djúpt svo að auðvelt er að koma fyrir stórum töskum.

Húðrými er aðeins 35 lítrar svo að það verður ekki nýtt nema fyrir minni hluti eða hleðslukapla.

### Samkeppnishæft verð

Augljósasti keppinautur Polestar 2 er Tesla Model 3 en einnig væntanlegur BMW i4. Teslan kostar 7.043.803 kr. með fjórhjóladrifi en Performance-útgáfan 7.680.170 kr. Grunnverð Polestar 2 er 6.750.000 kr. með fjórhjóladrifinu og hægt er að fá Performance-útgáfu með stillanlegri Öhlins-fjöðrun og Brembo-bremsum sem kostar frá 7.850.000 kr. BMW i4 mun kosta frá 7.990.000 kr. en hann verður nokkuð sambærilegur við Performance-útgáfunna.

Polestar 2 er mjög vel búinn í grunninn og á sambærilegu verði sem gerir hann vel hæfan í þessa sterku samkeppni. ■



Hliðarspeglar hreyfast í heild sinni og nær spegillinn alveg út á brúnina.

# TRYGGÐU ÞÉR JEEP Á LÆGRA VERÐI

480.000 KR.  
VSK verð-  
hækkun um  
áramótin\*

ALVÖRU JEPPI. ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF.

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á  
DRIFRAFHLÖÐUNNI

PLUG-IN HYBRID



4xe

JEEP WRANGLER RUBICON\*\*  
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

4xe

JEEP COMPASS  
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI

4xe

JEEP RENEGADE TRAILHAWK  
TORFÆRUÚTGÁFA

Nú er tilvalið að tryggja sér alvöru jeppa með alvöru fjórhjóladrifi í forsölu.  
Áætlað er að bílarnir verði tilbúnir til afhendingar í desember.

\*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000 KR. um áramótin, vegna VSK hækkana.

\*\*Bjóðum upp á 35"-40" breytingapakka fyrir Wrangler.

 **ISBAND** **Jeep**

UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR  
S. 590 2300 • JEEP.IS • ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16



Vetrarprófanir eru meðal síðustu prófana áður en bílar fara á markað.

## Fyrstu myndir birtar af BMW i7

njall@frettabladid.is

BMW hefur látið frá sér fyrstu opinberu myndirnar af væntanlegum BMW i7 rafbíl. Verið er að prófa fjöðrunarkerfi bílsins um þessar mundir á vetrarprófunarbraut BMW í Arjeplog í Svíþjóð, og voru myndirnar teknar við það tækifæri en þær sýna bílinn í léttum felubúningi. Bíllinn er ekki eins kúptur og Mercedes-Benz EQS sem hann mun keppa við og er með löngu húddi og hárra axlarlínu. Grillið er vel falið undir dulargervinu en verður þó minna en á iX til að mynda.

BMW i7 mun nota fimmtu kynslóð rafmótora BMW eins og iX bíllinn. Bíllinn mun koma á CLAR undirvagninum eins og iX en ekki hefur verið gefið upp hversu öflugir mótora verða í bílnum, né hvernig rafhlaða. Líklegt má þó telja að hann verði með tvo mótora sem skila 516 hestöflum samtals, en með meira drægi en iX vegna minni loftmótstöðu. Einnig má búast við útgáfu með einum rafmótor þegar hann kemur á markað seint á næsta ári. ■



Hjólið er gamladags, með tvöfaldri röragrind og teinafelgum, en bremsukerfið er nýmóðins ABS.

## Fyrsta mótörhjól frá BSA í 40 ár

njall@frettabladid.is

BSA stendur á gömlum grunni en BSA stendur fyrir Birmingham Small Arms og framleiddi riffila á nítjándu öldinni. BSA framleiddi þá einnig reiðhjól en hóf smíði mótörhjóla árið 1903. Á tímabili var BSA stærsta mótörhjölamerki heimsins og á Íslandi voru BSA hjólin vinsæl frá byrjun. Núverandi eigandi er Mahindra á Indlandi sem er risastórt framleiðslufyrirtæki og framleiðir meðal annars dráttarvélar. Hönnunarmiðstöð BSA er í Coventry og þar verður nýtt rafdrifið BSA hannað, en fyrirtækið fékk 800 milljóna króna styrk frá bresku ríkisstjórninni fyrr á árinu til verksins. Að sögn Anand Mahindra, eiganda BSA, vonast hann til að merkið muni endurvekja breska mótörhjölaíðnaðinn.

Nýja BSA mótörhjól er með svipuðu útliti og vinsæl BSA hjól frá sjöunda áratugnum og kemur á teinafelgum. Það heitir hinu þekktu nafni Gold Star eftir þekktasta hjóli BSA sem framleitt var milli 1938 og 1963. Um 650 rsm, fjögurra ventla vél er að ræða sem skilar 45 hestöflum og er hjólið vatnskælt til að standast nýjustu mengunarstaðla. Hjólið mun keppa við Royal Enfield 650, Kawasaki W800 og Triumph Street Twin hjólin. ■

# Þriðja kynslóð Suzuki S-Cross á markað

njall@frettabladid.is

Suzuki hefur frumsýnt næstu kynslóð hins vinsæla S-Cross með 48V-tvinnbúnaði. Hann verður með uppfærðri útgáfu af 1,4 lítra bensínvélinni sem er í Vitara, en hún skilar 127 hestöflum og 235 Nm tugi. Það dugar til að skila honum í hundraðið á 9,5 sekúndum. Innréttingin verður ný með allt að 9 tommu upplýsinga-



Dýrari Ultra-útgáfan kemur með 17 tommu álfelgum sem staðalbúnaði.

skjá í dýrari útgáfunni sem verður líka með opnanlegu sólþaki, 360 gráðu myndavél, leiðsögukerfi og leðurinnréttingu.

Sex gíra beinskípting verður staðalbúnaður en hann verður einnig fánlegur með sex þrepa sjálfskíptingu. Bíllinn verður nálægt Nissan Qashqai í stærð með 430 lítra farangursrymi. Bíllinn kemur á markað snemma á næsta ári. ■



[www.krokur.net](http://www.krokur.net)

**522 4600**

## Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahlíða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:

- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum



**KRÓKUR**  
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

# Ertu með eitthvað grænt í gangi?

Með Grænu láni frá Ergo getur þú fjármagnað rafbíl, rafhjól eða hleðslustöð á hagstæðum kjörum.

Kynntu þér málið á [ergo.is](http://ergo.is)

ergo  GRÆN LÁN

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nýr 2021 Hyundai Kona EV Premium rafmagnsbíll með 64 kWh rafhlöðu. Raun drægni um 380 km. Flottasta tupa með leðri og glerþopplúgu. + fullt af öðrum lúxus. Nýtt útlit. 2 lítr svartur og dókk grár á staðnum. Til afhendingar strax! Okkar verð aðeins: 5.790.000,-



Nýr 2022 Ford Transit 350 Trend Double Cab 7 manna með palli. Þessir bílar eru ófánlegir í dag en við eigum þennan til afhendingar strax! Verð: 5.300.000 án vsk.

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

## Þjónusta

## Málara

### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggitur málarameistarar. Löggitur málara. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

### SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Húsviðhald



- Hellulagnir
- Grjóthleðsla
- Húsviðgerðir
- Þak
- Gluggaskipti
- Múr
- Málningavinna
- Steinsögung

Fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu í verkið í síma 786-3211 eða sendu okkur póst á verk@edalverk.is



Við hreinsum allar gerðir lofttræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu frjá ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut

## FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Keypt & Selt

## Til sölu

### Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði  
Gítarar og hljómborð í miklu úrvali  
Verð við allra hæfi

## LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar



JS LJÓSAMÍÐJAN  
VÉLAVERKSTÆÐI  
SLÁTTUVEIÐLAÞJÓNUSTAN  
Skemmuvegji 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Heilsuvörur



## Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## GRÝLUKERTI?

Rennuvír  
frá kr/m  
1.490

Er hættu á að vatn leki inn eða rennurnar brotni? Hitavír í rennur heldur vatnrásinni opinni og bærðir ísinn. Tilbúin kitt til líka.

Purrktæki  
frá kr  
45.990

## RAKIR GLUGGAR?

ÍSHÚSIÐ - LOFTRÆSTIBÚÐIN Á SMÍÐJUVEGI 4A, GRÆN GATA



# ishúsið



# viftur.is

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



# Desembersprengja



**30%**  
**afsláttur**

af næstum  
öllum vörum til  
**19. desember**

RAMMASAMNINGUR VID  
RÍKISKAUP

**Hirzlan**  
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. [hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is).

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.






# GERÐU STARFSFÓLKINU GLAÐAN DAG



## SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu. Margir verðflokkar í boði.

## Veðurspá Þriðjudagur



Vestlæg átt 5-13 m/s á norðanverðu landinu fyrirpartinn í dag og snjócoma með köflum. Suðaustan 3-10 sunnan til og stöku él. Frost 0 til 5 stig. ■

## Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



## Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 feyskinn
- 5 boð
- 6 vafi
- 8 mótlæti
- 10 í röð
- 11 stjaka
- 12 eind
- 13 garmur
- 15 þenslu
- 17 gramar

LÓÐRÉTT

- 1 inngang
- 2 málmur
- 3 svelg
- 4 hafna
- 7 ósvífinn
- 9 not
- 12 standberg
- 14 herma
- 16 átt

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 fúinn, 5 orð, 6 eft, 8 raunir, 10 m, 11 vta, 12 stak, 13 lakt, 15 spennu, 17 argar, 18 fúinn, 9 nýting, 12 sker, 14 apa, 16 na.

Magnús Carlsen (2.855) átti leik gegn Ian Nepomniachtchi (2.782) í áttundu einvígiskákinni í gær. Nepo lék síðast 21...b5?

22. Da3+! Kg8 23. Dxa7. Heimsmeistarinn hefur nú unnið þéð. 23...bxc4 er svarað með 24. Dxd7 og 23...Bxh3 er svarað með 24. Dxf7+! Dxf7 25. He8+. Carlsen innbyrði sigurinn í 46 leikjum. Staðan er 5-3. Níunda skákin fer fram í dag og þá hefur Nepo hvítt. [www.skak.is](http://www.skak.is): Heimsmeistaraeinvígið. ■

## Sudoku

	4		2	8		6	1	
							2	5
9	3					7	8	
7			8	2				6
		5	3				8	
	6			5	7			
8				4			9	
1								
	3	6		1				

6			7	5				
					8			1
					3			
	9				7		2	8
2	6		4					
8			2					3
			3			7		5
4		1	6					9
		6		9		1		

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus



Eftir Frode Øverli

## Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

## Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

*Filnefning*

„Bókin segir frá helsta fjársjóði íslenskra bókmennta á nýstárlegan hátt og kynnir handritin fyrir ungum lesendum.“

Umsögn dómnefndar Íslensku bókmenntaverðlaunanna

**BÁI TÍMANS**


ÖRLAGASAGA MÖÐRUVALLABÓKAR Í SJÓ HUNDRUÐ ÁR

ARNDÍS ÞÓRARINSDÓTTIR


Æsispennandi örlagasaga Möðruvallabókar eftir Arndísi Þórarinsdóttur. Sigmundur B. Þorgeirsson myndlýsti.

Stórskemmtileg og fræðandi bók fyrir alla fjölskylduna!

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)  
Ópið 10-19 alla daga til jóla



RP / MBL



Frumlega fléttuð skáldsaga um glæstar vonir og grágleg örlög eftir Sigrúnu Pálsdóttur sem hlaut Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins fyrir *Delluferðina*.



EUROPEAN UNION  
PRIZE FOR LITERATURE




Innbundin Rafbók

„*Dyngja* er lágmælt saga með magnaðan undirtexta sem höfðar sterkt til réttlætiskenndar lesenda.“

Umsögn dómnefndar Fjöruverðlaunanna


„Heillandi frásögn af skemmtilega flóknum kvenkarakter.“

Gréta Sigríður Einarsdóttir / Víðsjá



SS / MBL

*Ilmreyr* eftir Ólínu Þorvarðardóttur er kveðja frá dóttur til móður en um leið óður til formæðra og -feðra sem háðu sitt lífsstríð við úthafsölduna vestur á fjörðum.



Innbundin



Rafbók




Hljóðbók

„Fróðleg og heillandi saga, skrifuð af næmni og hispursleysi.“

Steingerður Steinarsdóttir / *Vikan*

„Áhrifarík og heillandi bók.“

Elín Hirst / *Fréttablaðið*



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10-19 alla daga til jóla | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)



Kristinn Sigmundsson syngur.

## Kristinn í Vidalínskirkju

kolbrunb@frettabladid.is

Á morgun, miðvikudaginn 8. desember klukkan 12.15, kemur einn allra ástsælasti söngvari þjóðarinnar, Kristinn Sigmundsson, fram í safnaðarheimili Vidalínskirkju í Garðabæ en tónleikarnir eru liður í hádegistónleikaröðinni Tónlistaræring. Kristinn flytur þess í stað lög eftir íslenska og erlenda höfunda en með honum leikur Matt-hildur Anna Gísladóttir. Aðgangur er ókeypis. ■



Ragnar Jónasson.

## Meistaralegur þrileikur

kolbrunb@frettabladid.is

„Lesandinn situr eftir skekinn að loknum lestri þrileiks Ragnars Jónassonar um lögreglukonuna Huldu, segir gagnrýnandi Weekendavisen í Danmörku og bætir við að hann sé „meistaralega“ unninn og þetta sé „snilldarlega“ gert hjá honum.

Undir lok greinarinnar skrifar gagnrýnandinn: „Er hann besti glæpasagnahöfundur í heimi?“ spyr Sunday Times. Það er kannski full mikið upp í sig tekið en við erum samt nokkuð nærri því.“ ■



Metsöluhöfundurinn Anthony Horowitz mætti til Íslands.

MYND/YRSA  
SIGURDARDÓTTIR

## Var aldrei með plan B

Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is

Breski glæpasagnahöfundurinn Anthony Horowitz var staddur hér á landi á dögunum. Hann er þekktur víða um heim fyrir glæpasögur sínar. Meðal verka í nánustu framtíð er sakamálaeikrit með Ragnari Jónassyni.

Blaðamaður spyr Horowitz fyrst hvenær hann hafi ákveðið að verða rithöfundur. „Ég hef unun af að skrifa og það er það eina sem ég kann. Þegar ég var í skóla sögðu kennarnir að það væri ekkert gagn í mér og þeir höfðu algjörlega á réttu að standa. Það var ekki fyrr en ég uppgötvaði bókasöfn sem ég áttaði mig á því að ég hefði einn hæfileika; þann að segja sögur. Það hef ég gert síðan. Ég var aldrei með plan B.“

Af hverju valdi hann að skrifa um glæpi? „Sautján ára las ég Sherlock Holmes og Agóthu Christie nitján ára gamall og varð stórhreifinn. Þá vissi ég að ég vildi skrifa um glæpi, aðallega vegna hrfingnar minnar á Sherlock Holmes.“

### Leikrit með Ragnari

Bækurnar sem gerðu hann verulega frægan voru unglingabækur um Alex Rider, sem eru orðnar 14

og hafa orðið að sjónvarpsþáttum. „Þessar bækur komu mér á kortið og breyttu lífi mínu. Eftir því sem ég verð eldri því erfiðara finnst mér að skrifa fyrir unglinga. Mörg börn hafa alist upp með bókum mínum og á vissan hátt hef ég verið að skrifa fullorðinsbækur mínar fyrir þau. Þau lásu bækur eftir mig þegar þau voru ung og ég er að sýna þeim að ég geti enn skrifað fyrir þau.“

Hann hefur skrifað á sjötta tug bóka og fjölda sjónvarpshandrita, þar á meðal fyrir Midsomer Murders og Poirot. Hann er að skrifa glæpasögu sem kemur út á næsta ári og gerist í leikhúshéminum. Hann upplýsir að þar sé gagnrýnandi drepinn í þriðja kafla. Hann laumar svo út úr sér þeim tíðindum að hann ætli sér að skrifa glæpaleikrit með góðum kunningja sínum, Ragnari Jónassyni.

### Langaði alltaf að skrifa Bond

Á næsta ári kemur út þriðja James Bond-bók hans, lokabókin í þrileik. Blaðamaður spyr hann hvort það hafi ekki verið djörf ákvörðun að ganga í fótspor Ian Fleming og skrifa um Bond.

„Mig langaði alltaf til að skrifa Bond-bók. Þegar ég var vansæll

”

Fyrsta uppkast skrifa ég alltaf með penna og þegar ég er með penna í hendi þá er ég raunverulega hamingjusamur.

sem barn hlakkaði ég alltaf til næstu Bond-myndar og lét mig dreyma um að skrifa Bond-bók. Það er mjög ögrandi því Fleming er frábær rithöfundur, betri en fólk heldur. Fólk þekkir bara myndirnar en þegar maður les bækurnar þá sér maður hversu góðar þær eru. Fleming er mikill rithöfundur og skapaði frumlega og áhugaverða persónu í Bond og það sama má segja um heimsmynd hans af Bretlandi.“

Hann er ekki eini rithöfundurinn á seinni árum sem hefur spreytt sig á Bond, Sebastian Faulks og William Boyd eru þar á meðal, en hann er sá eini sem hefur skrifað þrjár bækur. „Þannig að ég hlýtt að hafa gert eitthvað rétt,“ segir hann.

Hann segir Sean Connery vera sinn uppáhalds Bond. „Það er vegna þess að ég ólst upp með honum en mér fannst Daniel Craig vera frábær í Casino Royale.“

Hvaða verk hans hafa fært honum mesta gleði? „Að skrifa færir mér gleði. Fyrsta uppkast skrifa ég alltaf með penna og þegar ég er með penna í hendi þá er ég raunverulega hamingjusamur. Ég skrifa aldrei neitt nema ég hafi ánægju af því.“

En ef þú spyr hverju ég sé stoltastur af þá er það Alex Rider, en þær bækur hafa fengið heila kynslóð barna víða um heim til að fá áhuga á bóklestri. Ég er mjög stoltur af að hafa laðað ungt fólk inn í heim bókmenntanna því það skiptir máli.“ ■

## Raunveruleiki og skáldskapur

### BÆKUR

#### Dyngja

Sigrún Pálsdóttir  
Útgefandi: Forlagið  
Fjöldi síðna: 227

Elin Hirst

Sigrún Pálsdóttir hefur skrifað margar góðar bækur á undanförmum árum. Bækur eins og Þóra biskups og Sigrún og Friðrik. Þær skrifar Sigrún fyrst og fremst sem sagnfræðingur og gerir mjög vel. Nýjasta bókin hennar Dyngja er skáldsaga eins og bók hennar Delluferðin sem sló í gegn og hlaut Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins árið 2021.

Dyngja er mjög óvenjuleg saga. Hún segir frá Teddy, sem er mjög sérstök stúlka og kona. Hún elst upp á afskekktum bóndabæ en lendir í ótrúlegum ævintýrum. Teddy hittir verðandi bandarískan tunglfara við afskaplega

óvenjulegar aðstæður, týnd úti í hrauni inn á miðju hálandi og verður barnshafandi eftir hann. Í ljós kemur að hún er séni í meðferð talna. Sú sviðsmynd minnir mjög á þema bíómyndarinnar Good Will Hunting með Matt Damon, þar sem í ljós kemur að ungur maður sem vinnur við þrif í háskóla er í raun stærðfræðiseni.

Flugáhugi Teddýjar er svo kafla út af fyrir sig en er líka eins og rauður þráður í gegnum bókina. Hún lendir í ótrúlegri uppákomu um borð í flugvél og síðan verður flugið stór hluti af lífi hennar, en á allt annan hátt en lesandann grunar. Bókin er því gripandi og eiginlega vill maður ekki láta hana frá sér fyrr en í ljós er komið hver niðurstaðan verður. Oft þarf maður reyndar að minna sig á, þegar ævintýri Teddýjar tengla engan enda að taka eins og tengslum við tunglgrjótt sem hún fékk að gjöf frá dularfulla geimfaranum og rauðu húfunni með NASA, að oft er raunveruleikinn ótrúlegri en skáld-

”

Höfundur er hins vegar mjög flinkur í að lýsa tíðaranda til dæmis á uppvaxtarárum Teddýjar á sjötta áratugnum.

skapurinn, svo hví ættu skrytnir hlutir eins og líf Teddýjar ekki að geta átt sér stað?

Það sem mér finnst síðra við bókina eru undarleg nöfn á persónum; eins og Björnsson, Helgason, Magnússon og svo framvegis. EVA er gælunafn á karlkyns flugkennari Teddýjar. Stundum finnst mér bókin fara inn á slóðir sem eru



óþarfar fyrir framvindu sögunnar eins og til dæmis í teitunum með Gesti, Langa, Eldrauðri og Mjallhvíti. Stundum rugla skáletruðu kaflarnir þar sem ferðast er fram í tímann í lífi Teddýjar mann svolítið í ríminu.

Höfundur er hins vegar mjög flinkur í að lýsa tíðaranda til dæmis á uppvaxtarárum Teddýjar á sjötta áratugnum. Nöfnin á verslunum í Reykjavík, heimasíminn með löngu snúrunni, tékkheftin gömlu góðu, mosagrænir strætisvagnar og svo framvegis skapa mjög skemmtilega og trúverðuga umgjörð um söguna. ■

**NIÐURSTAÐA:** Sigrún er frábær í sagnfræðinni og hún er greinilega líka frábær skáldsagnahöfundur. Hér heldur mikil hæfileikamanneskja á penna, nánast jafnvíg á bæði form.



# BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

**Renndu við í lúguna**  
og fáðu lyfin beint í bílinn.  
**Fljótlegt og þægilegt.**



# 9-22

OPIÐ ALLA DAGA

Þú finnur Lyfsalann í Glæsibæ, Urðarhvarfi og bílaapótek Vesturlandsvegi

GLÆSIBÆR  
Opið virka daga 8.30 - 18.00

URÐARHVARF  
Opið virka daga 9.00 - 17.30

BÍLAAPÓTEK VIÐ VESTURLANDSVEG  
Opið alla daga 9.00 - 22.00





nettó

# Jólaeikur

## NETTÓ OG COCA-COLA

Kauptu kippu af 4x2 lítra Coca-Cola með eða án sykurs eða Coca-Cola Light og þú getur unnið gjafabréf í Nettó fyrir sömu upphæð og þú verslaðir fyrir í þeirri ferð.

Yfir 80 viðskiptavinir  
fá vinning!

Dregið  
23. desember 2021

Þú kaupir kippu af 4x2L Coke\*,  
skrifar nafn, símanúmer og  
netfang aftan á kassakvittun  
og setur í Coke kassann í næstu  
Nettó verslun.

Á Þorláksmessu fá 5 heppnir  
í hverri Nettó verslun gjafabréf  
í Nettó fyrir sömu upphæð  
og er á kassakvittun.

\*Gildir fyrir Coca-Cola með eða án sykurs og Coca-Cola Light.

# DORMA

Láttu drauminn ræstast



## DORMA LUXE

heit dúnsæng

Heit dúnsæng frá Quilts of Denmark. Stærð: 140x200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfíður. Má þvo á 60°C. 29.900 kr. NÚ 23.920 kr.

## STÓRI BJÖRN

koddi

Dúnkoddi frá Quilts of Denmark. Stærð: 50x70cm. 50% dúnn og 50% smáfíður. 700g. Áklæðið er úr 100% bómull. 7.900 kr. NÚ 6.320 kr.



## DORMA EXCLUSIVE

dúnsæng

Létt og hlý sæng. 600 g. 140 x 200 cm. 50% dúnn og 50% smáfíður. Áklæðið 100% bómull. 24.900 kr. NÚ 19.920 kr.

## PURE COMFORT

sæng

Létt og þægileg fibersæng. 300 g. 140x200 cm. Má þvo á 60°C en það er hitastig sem rykmaurar pola ekki. 10.900 kr. NÚ 8.720 kr.



JÓL  
**20%**  
AFSLÁTTUR  
RÚMFÖTUM

140 x 200 cm  
Verð 10.990 kr.

Nú 8.792 kr.



## LICATA tungusófi

Tungusófi í tveimur litum af Kentucky áklæði, koniaksbrúnum og steingráum og einnig í River 66 Graphite áklæði. Hægri eða vinstri tunga. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 265 x 165 x 82 cm.

Fullt verð: 244.900 kr.

Aðeins 183.675 kr.

## DIMMA

baðsloppur

12.990 kr.

Einstaklega fallegur og mjúkur baðsloppur. Sloppurinn er úr 100% Micro bómull og kemur í hvítum og gráum lit og stærðunum S, M, L, og XL



Verð og vöruupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

www.DORMA.is

Holtagörðum, Reykjavík  
Smáratorgi, Kópavogi  
Dalsbraut 1, Akureyri  
Skeiði 1, Ísafirði

# DORMA

Láttu drauminn ræstast

# DAGSKRÁ

7. desember 2021 ÞRIÐJUDAGUR

## Þriðjudagur

### Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Lífið er lag Sigurður K. Kolbeinsson fjallar um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áraanna.
- 20.00 433.is Frétta- og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.30 Fréttavaktin (e) Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Matur og heimili (e)

### RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.25 Menningin
- 13.30 Útsvar 2008-2009 Norðurþing - Hveragerði.
- 14.30 Opnun Hrafnhildur Arnardóttir og Ingólfur Arnarsson.
- 15.00 Matarmenning
- 15.30 Ella kannar Suður-Ítalíu
- 16.00 Menningin - samantekt
- 16.15 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarpsin Litið um öxl yfir 50 ára sögu Sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp.
- 16.30 Íslendingar Árni Scheving
- 17.15 Músikmolar
- 17.25 Úti í umferðinni Við götuna.
- 17.30 Jóladagatalið. Jólásótt
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu
- 18.14 Jóladagatalið. Jólásótt
- 18.41 Jólámolar KrakkaRÚV
- 18.45 Krakkafréttir Helstu fréttir settar fram á einfaldan og aðgengilegan hátt.
- 18.50 Jólalag dagsins Stefán Hilmarsson - Það má ekki gleyma því.
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós Ítarleg umfjöllun um það sem er efst á baugi í fréttum og mannlífi. Farið er ofan í kjölinn á stærstu fréttamálum dagsins með viðmælendum um land allt.
- 19.50 Menningin Fjallað er á snarp-an og liflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innsögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu.
- 20.05 Sannleikurinn um útlitið The Truth About Looking Good Heimildarþáttur frá BBC þar sem Cherry Healey rannsakar snyrtivöruiðnaðinn og reynir að komast að raun um hversu mikið af auglýstri virkni snyrtivara er byggð á vísindalegum rannsóknum.
- 21.10 Frelsið Friheden
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Bláa línan Den tunna blá linjen
- 23.20 Victor Hugo, óvinur ríkisins Victor Hugo, ennemi d'État
- 00.05 Dagskrárlök

### Sjónvarp Símans

- 11.30 Dr. Phil
- 12.15 The Late Late Show
- 13.00 Survivor
- 13.45 A.P. BIO
- 14.10 The Neighborhood
- 14.50 The King of Queens
- 15.10 Everybody Loves Raymond
- 15.35 Týnd í tíma - ísl. tal Frábær teiknimynd með íslensku tali. Þrjú forvitnir krakkar setja óvart í gang tímavél sem litur út eins og egg, og þau fara 65 milljón ár aftur í tímann og lenda í risaeðluhreiðri með risaeðlueggjum.
- 17.00 Fjarsjóðsflakkarar (13.52)
- 17.10 Fjarsjóðsflakkarar (14.52)
- 17.25 Tilraunir með Vísinda Villa
- 17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu
- 17.35 Dr. Phil
- 18.20 The Late Late Show
- 19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu
- 19.10 The Moodys
- 19.40 A.P. BIO
- 20.10 A Million Little Things
- 21.40 The Good Fight
- 22.25 Paradise Lost
- 23.15 The Late Late Show
- 00.00 Dexter
- 00.50 New Amsterdam
- 01.35 The Bay
- 02.25 Interrogation
- 03.10 Tónlist

### RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins
- 06.50 Morgunvaktin
- 07.00 Fréttir
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.00 Fréttir
- 09.05 Segðu mér
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.00 Fréttir
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Á reki með KK
- 11.00 Fréttir
- 11.03 Mannlegi þátturinn
- 12.00 Fréttir
- 12.03 Hádegisdagur Fyrri og seinni hluti
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.42 Hádegisdagur
- 13.00 Dánarfregnir
- 13.02 Samfélagið
- 14.00 Fréttir
- 14.03 Lofthelgin
- 15.00 Fréttir
- 15.03 Frjálsar hendur
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Viðsjá
- 17.00 Fréttir
- 17.03 Lestin
- 18.00 Spegillinn
- 18.30 Krakkafréttir
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.35 Mannlegi þátturinn
- 21.40 Kvöldsgagan. Í verum, seinna bindi (19 af 32)
- 22.00 Fréttir
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Samfélagið
- 23.05 Lestin

### Stöð 2 Bíó

- 11.40 Teenage Mutant Ninja Turtle
- 13.20 Love at First Bark
- 14.45 Palm Beach
- 16.20 Teenage Mutant Ninja Turtle
- 18.00 Love at First Bark
- 19.20 Palm Beach
- 21.00 Hurricane
- 22.40 Down A Dark Hall
- 00.15 Elizabeth Harvest
- 02.00 Hurricane

### Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.20 The Mentalist
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.25 Jóladagatal Árna í Árdal
- 09.35 Gossip Girl
- 10.15 Jamie's Quick and Easy Food
- 10.40 Suits
- 11.25 Saved by the Bell
- 11.55 Friends
- 12.35 Nágrannar
- 12.55 The Office
- 13.15 The Office
- 13.40 Amazing Grace
- 14.25 Matargleði Evu
- 14.55 Cherish the Day
- 15.30 Katy Keene
- 16.15 Punky Brewster
- 16.35 10 Years Younger in 10 Days
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.20 Annáll 2021
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Shark Tank
- 19.55 Masterchef USA
- 20.35 The Goldbergs
- 21.00 Agent Hamilton
- 21.50 SurrealEstate
- 22.35 Insecure
- 23.05 The Wire
- 00.05 Coroner
- 00.45 Insecure
- 01.15 The Mentalist
- 01.55 Gossip Girl
- 02.35 Suits
- 03.20 Saved by the Bell Framhaldsþáttaröð vinsælla gamanþátta frá tíunda áratugnum sem báru sama nafn.
- 03.50 Friends

### Stöð 2 Sport

- 07.30 Seinni bylgjan
- 08.30 Valur - HK Útsending frá leik í Olís-deild kvenna.
- 09.50 Fram - Haukar
- 11.10 Seinni bylgjan
- 12.10 Valur - Selfoss Útsending frá leik í Olís-deild karla.
- 13.35 Fram - Afturelding
- 15.00 Seinni bylgjan
- 16.15 Subway Körfuboltakvöld kvenna
- 17.10 Grindavík - Keflavík Útsending frá leik í Subway-deild kvenna.
- 18.50 Fjölnir - Haukar
- 20.30 Njarðvík - Vestri Útsending frá leik í Subway-deild karla.
- 22.10 KR - Keflavík
- 23.55 Tilþriffin

### Stöð 2 Sport 2

- 07.10 Fréttabáttur Meistaradeildarinnar
- 07.35 Fréttabáttur Evrópu deildarinnar
- 08.25 Fulham - Bournemouth
- 10.05 Football League Show
- 10.30 Cincinnati Bengals - LA Chargers
- 12.55 PSG - Club Brugge Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 14.55 Real Madrid - Inter Bein útsending frá leik í UEFA Youth League.
- 16.55 Fréttabáttur Meistaradeildarinnar
- 17.15 Liverpool - Porto
- 19.15 Meistaradeildin - Upphitun
- 19.50 Real Madrid - Inter Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00 Meistaradeildarmörkin
- 22.45 Ensku bikarmörkin
- 23.10 Lokasóknin
- 00.05 Ajax - Sporting

**REXTON**

# **DULDIR HÆFILEIKAR AÐ HEYRA ÓSJÁLFRÁTT ÞAÐ MIKILVÆGASTA**



Lífið verður áskorun þegar heyrnin fer að skerðast. Allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1955 hefur Rexton boðið upp á nýjustu tækni í heyrnartækjum. Þau hafa skilað ótal nýjungum og tæknilegum lausnum svo að þú getir treyst á góða heyrn. Með MotionCore® tækninni stilla heyrnartækin sig sjálfkrafa að hvaða aðstæðum sem er svo að þú getur reitt þig á Rexton. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



## ■ Á skjánum

## Að sjálfsgöðu að horfa á Succession

svavamarin@frettabladid.is

**Sóllilja Baltarsdóttir myndlistarnemi og knapi**

„Ég er að sjálfsgöðu að horfa á þriðju seríu af Succession úr smíðju HBO. Ég

sá líka algjörlega frábæra mynd í Bíó Paradís fyrir stuttu sem heitir Heimsins versta manneskja.

Annars horfi ég eiginlega langmest á RÚV. Danska myndin Hinn seki, sem er góður spennutryllir, er núna á Sarpinum og svo eru það þættirnir um Picasso sem gefa góða sögulega innsýn þótt leikurinn sé ekki mjög sterkur. Og að sjálfsgöðu Ófærð.

Ég horfði líka á sýningu með prentverkum eftir Dieter Roth í Berg Contemporary sem ég gef mín bestu meðmæli.“ ■



Harry hefur verið tíðrætt um mikilvægi geðheilbrigðismála.

## Uppsagnir eru gleðitíðindi

odduraevan@frettabladid.is

Harry Bretaprins segir að fólk sem telur sig vera í leiðinlegri vinnu eigi að geta hætt án þess að það sé álitit slæmt.

Prinsinn hefur verið opinskár um geðheilbrigðismál undanfarin ár.

„Þetta hefur aldrei verið mikilvægara og fólk er farið að taka eftir þessu. Stærsta verkefnið í þessu er að opna umræðuna og halda henni áfram.“

Hann segir að með aukinni þekkingu á geðheilbrigði fjölgi uppsögn-um sem þessum. „Þetta er merki um það að með sjálfsvitund kemur þörfin fyrir breytingu. Margir víðs vegar í heiminum hafa verið fastir í störfum sem færðu þeim ekki gleði og núna eru geðheilbrigði og hamingja þeirra í forgrunni. Þessu á að fagna.“ ■

## Sögupráðurinn týndur í ófærðinni

Gísli Ásgeirsson þýðandi braust af harðfylgi í gegnum þriðju seríu Ófærðar sem rann sitt skeið í Ríkissjónvarpinu á sunnudagskvöld og segir hana á köflum hafa verið svo leiðinlega að hraðinn sé meira að segja meiri hjá lögreglumanninum Barnaby en kollega hans, hinum geðþekka Andra.

toti@frettabladid.is

Áttundi og síðasti þáttur Ófærðar 3 var sýndur á RÚV á sunnudagskvöld en merkilega hljótt var um endalokin og hefur reyndar verið um seríuna alla á samfélagsmiðlum miðað við athyglina og áhugann sem fyrri þáttaraddirnar tvær fengu á Facebook og Twitter 2015 og 2018.

Gísli Ásgeirsson þýðandi er einn þeirra sem hafa þó staðið vaktina á Facebook síðustu átta sunnudagskvöld og er vægast sagt óhress með hvernig til tókst í þessum þriðja kafla í starfssögu lögreglumannsins Andra, sem Ólafur Darri Ólafsson leikur.

## Þriggja líka þættir

„Þetta er íslenskt efni og Íslendingum hættir til að tala aldrei illa um það sem á helst að selja útlendingum og útlendingar eiga að halda að sé gott. Ýmislegt, sem ekki er gott, hefur verið sett á markaðinn undir merkjum Nordic Noir og þessi Ófærðarsería, hún var svo leiðinleg á köflum að ég hefði tekið Barnaby fram yfir hana,“ segir Gísli og rennir sér í samamburð á ensku glæpabáttunum Midsomer Murders og Ófærð.

„Það gerist þó eitthvað í Barnaby. Það er þokkalega hröð atburðarás og það eru þrjú lík og einu líkindi Ófærðar og Barnaby eru jú að það eru þrjú lík í báðum seríunum,“ heldur Gísli áfram hlæjandi.

## Danskir djöflar

„Þetta var bara dapurlegt. Að horfa á sex þætti þar sem einhverjir þungbúnir vélhjólammenn húktu inni í húsi dag eftir dag eftir dag í góða veðrinu og voru aðallega að horfa hver á annan. Frekar illilegir í framan og svo drukku þeir bjór á kvöldin.“

Þetta var einhvern veginn svo fátánleg iðja um hásumar á Íslandi, að sitja í sjóðheitum leðurjökkunum sínum inni í einhverjum steinsteypukumbalda og reyna að virka hættulegur á svipinn. Það vita þeir sem eiga leðurjakka að þeir eru ekki góð flik að sumarlagi.“

Gísli segir biðina eftir því að eitthvað færi að gerast í fyrstu sex þáttunum hafi tekið á þangað til höfuðpaur danska mótörhjólagentisins var færður í járn. „Og svo



Gísli Ásgeirsson horfði undrandi á aðalpersónur Ófærðar 3 villast í ýmsar áttir í sögupráðinum þar sem þær römbuðu þó á dópsendingu og þrjú lík.

MYND/  
RVK STUDIOS

Þegar spennan í framvindu er annars vegar telur Gísli vænlegra að veðja á gamla jaxlinn Barnaby sem hefur leyst Miðsumarsmorðin. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

var danska klíkan bara afgreidd á aðeins tíu mínútum. Maðurinn handtekinn og eitt það tilgerðarlegasta er nafnið á honum. Hann var kallaður Danish Hopper. Mig ramar í einhvern leikara sem er kannski hægt að tengja við en brandarinn var svo lélegur að maður hætti strax að hlæja.“

## Ófær sögupráður

Gísli bætir við að honum hafi þótt illa farið með sögupráðinn í þáttunum og sama megi segja um samtölin. „Það var greinilegt að þetta var skrifað á ensku og síðan „gúgg-úl transleitað“ öðru hverju. Þetta var allt of enskuskotið orðalag og hljómaði ekki vel.“

Ef Sigurjón Kjartansson hefði komið nálægt handritinu þá hefði þetta verið miklu betra. Hann er ágætis íslenskumaður, held ég. Þá hefði þetta hljómað eins og góð íslenska sem rennur vel. En þetta var svo tilgerðarlegt að hlusta á þetta. Nógu tilgerðarlegt er að lesa „gúgg-úl transleit“ fréttir ákveðinna fjölmiðla, nefnum engin nöfn. Fyrsti stafurinn er DV,“ segir hann og hlær.



Það vita þeir sem eiga leðurjakka að þeir eru ekki góð flik að sumarlagi.



Gísli Ásgeirsson.

## Efni í stuttmynd

Gísli var ánægður með upphaf Ófærðar á sínum tíma en segir að nú sé svo sannarlega mál að linni. „Ófærð 3 hefði alveg gert sig sem stuttmynd. Það er hægt að taka það sem gerðist; mögulegt dópsmygl sem var nú ekki meira spennandi

en svo að rannsóknarlögreglumenn hrösuðu um farminn í skútu í Siglu-fjarðarhöfn. Það var nú öll spennan. Og svo þetta óupplýsta morð sem er afgreitt á tíu mínútum í restina með tilheyrandi skotbardaga. Þetta er fin stuttmynd.“

Fyrsta Ófærðin er sannarlega langbest og maður horfði með mikilli ánægju á hana. Af því að hún stóð undir nafni. Það var ófært. Það vantaði ófærðina í þessu. Þarna var bara verið að selja ófærðartilinn, Trapped á útlensku, og verið að gera út á forna frægð.“

## Ekkert til að tala um

Gísli undrast ekki að minna hafi verið rætt um Ófærð 3 á samfélagsmiðlum en fyrri seríurnar tvær. „Það var gaman að velta fyrir sér fyrstu Ófærðarseríunni og þetta var oft til umræðu yfir kaffibollum hér á kontórnum því að það var um nóg að tala. Í þessari seríu er ekki um neitt að tala. Af því að það gerist ekki neitt.“

Það eru reyndar áhugaverðar persónur þarna en því miður er illa farið með allar hliðarsögurnar. Eins og góð hliðarsaga getur bjargað seríu. Þarna dóu hliðarsögurnar bara úti í vegarkantinum,“ segir Gísli og telur sig geta bent á pláss sem hefði mátt nýta betur.

„Það er svo sem aldrei hægt að gera öllum hliðarsögunum skil en ef þú hefðir tekið út þrjá þætti með mótörhjólaklíkunni og unnið í staðinn meira í sambandi Andra við aðrar persónur, eins og til dæmis móður sína. Það var nú dálítið reynt að vinna með það þarna. Og eiginmaður Hinriku, Bárður. Mér fannst hann mjög góður í fyrstu seríunni. Svona gamall hasshaus. Alltaf að fá sér. Haggadist aldrei á honum brúnin. Það eru svona persónur sem hefði verið hægt að gera mikið með.“ ■

## Bróðir Hildar haslar sér völl á eigin vegum

odduraevan@frettabladid.is

„Ég er rosalega stoltur. Þetta er líka fyrsta verkefnið sem ég geri undir nafni og maður bjóst ekki við því að þetta færi á svona mikið flug. Ég er auðvitað bara auðmjúkur,“ segir tónskáldið Þórarinn Guðnason sem hefur verið tilnefndur til verðlauna á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Berlín fyrir tónlist kvikmyndarinnar Dýrið.

Berlínarhátíðin heiddar árlega norrænt kvikmyndatónskáld með viðurkenningunni HARPA Nordic Film Music Days &amp; Composers Award sem verður útdelt í febrúar og ekki spillir fyrir að Dýrið hefur farið með himinskautum undan-

farna mánuði og var meðal annars vel sótt af bandarískum kvikmyndagestum.

Í umsögn dómnefndar segir meðal annars að frumsamin tónlist Tóta beri sterk einkenni tónskáldsins og að í kvikmyndinni séu tónlistin og hljóðhönnunin með lúmskum hætti látin segja sögu sem erfitt væri að koma í orð.

„Þetta er ekki fyrirferðarmikil tónlist. Hún er svona í bakgrunni á köflum en það er vegna þess að landslagið og leikurinn tala svolítið mikið fyrir sig sjálf og ég viðurkenni alveg að það var stundum erfitt, svona í fyrsta verkefningu, að halda aftur af sér,“ segir Tóti og bætir við að hann hafi lært það af



Tóti Guðnason er að vonum ánægður með viðurkenninguna sem hann hefur fengið fyrir kvikmyndatónlistina í Dýrinu. MYND/ADSEND

öðrum verkefnum að það verði að leyfa myndefninu að ráða ferðinni. „Og ég held þetta hafi komið vel út þó ég segi sjálfur frá.“

Tóti segist ekki hafa átt von á því að myndin myndi hljóta jafn mikla athygli og raun ber vitni. „Ég bjóst ekki við því. En þetta er frábær mynd og frábærir leikarar. Noomi Rapace fór á kostum og það var ansi auðvelt að vinna með þessi litlu svipbrigði sem einhvern veginn gera myndina.“

Tóti hefur undanfarin ár unnið mikið með systur sinni, Hildi Guðnadóttur, sem hefur, margverðlaunuð, haslað sér völl meðal fremstu kvikmyndatónskálda heims. Hann segist hins vegar hafa

nóg að gera núna á eigin vegum og margt sé í pípunum. „Sem ég get ekki sagt frá akkúrat núna,“ segir Tóti og hlær.

„Ég er að gera tónlist við aðra mynd sem er bandarísk og svo er ég í öðru mjög spennandi verkefni sem ég hlakka mjög til að segja fólki frá,“ segir Tóti og bætir aðspurður við að það sé aldrei að vita nema þau systkinin muni vinna saman aftur.

„En kannski ekki akkúrat núna... og ég hef kannski svolítið þurft að draga mig út úr aðstoðarmannshlutverkinu eftir þetta,“ segir Tóti og hlær. „En það væri náttúrulega draumur að gera einhvern tímann eitthvað með henni.“ ■

# Skella skollaeyrum við útvarpi Láru að handan

odduaevar@frettabladid.is

Áttatíu og átta ár eru í dag frá því að fyrsta miðilsfundinum var útvarpað í Ríkisútvarpinu. Hin goðsagnakennda Lára miðill stýrði útvarpsfundinum en Valgarður Einarsson miðill segist þó ekki minnst tímamótanna enda hafi Lára síðar verið afhjúpuð sem svikahrappur.

„Hún var síðar dæmd blessunin en Hafsteinn heitinn Björnsson kom í Sjónvarpinu um 1974 eða 1975. Það var

miklu merkilegra,“ segir Valgarður sem sjálfur hefur starfað sem miðill í rúmlega þrjátíu ár.

Hann segir aðspurður miðla ekki vera mikið fyrir að minnst stéttsystkina. „Aldrei. Það er aldrei minnst á einn eða neinn. Mín verður aldrei minnst eftir minn dag.

Miðlar eru tabú. Fól



Valgarður Einarsson

kemur í felum liggur við og kemur undir fölskum nöfnum og allur pakkinn, en aðrir koma undir sínum eigin hvort sem það er ráðherra eða lækni eða hvað sem það er,“ segir hann.

„Sumir misskilja miðilinn og halda að hann sé hjónabandsráðgjafi en það er ekki þannig.“

Hann segir eldri kynslóðirnar enn muna eftir Hafsteini. Valgarður segir eftirspurnina eftir

þjónustu miðla síður en svo vera minni nú til dags.

„Nei, alls ekki. Þetta er komið niður í hvað, 2002-módelið? Sem manni finnst rosalega ungt en það er alltaf einhver farinn sem var þeim kær tveggja eða þriggja ára. Mér finnst alltaf vera sama aðsóknin, það er kannski frekar ég sem er að draga úr því, farinn að hægja á mér því ég er orðinn fullorðinn en ef það kemur viðtal við mig þá springur allt.“ ■



Árásir á geitina virðast vera úr tisku.

## Hlýhugurinn ekki eldfimur lengur

toti@frettabladid.is

IKEA-geitin hefur nú staðið óareitt við verslunina síðan um miðjan október og virðist hvergi nærri í jafmikilli hættu og fyrir nokkrum árum þegar það var nánast orðið þjóðarsport, eða einhvers konar hefð, að kveikja í hinum sænskættaða boðbera jóllanna.

„Já, hún lifir bara góðu lífi enn sem komið er í ár og það eru komin nokkur ár sem hún hefur alveg fengið að vera í friði,“ segir Guðný Camilla Aradóttir, yfirmaður samskipta-deildar IKEA, um geitina sem hefur öðlast ákveðinn sess í þjóðarsálinni og framan af þá einna helst í ljósum logum.

Áföll geitarinnar í gegnum tíðina eru af ýmsum toga og þannig hefur hún orðið fyrir bíl og 2011 fauk hún um koll í illviðri. 2015 var ákveðið að herða öryggisgæsluna í kringum hana. Þá má segja að hún hafi séð sjálf um að farga sér þar sem þá kviknaði í henni út frá jólaseríu.

Hálmgeitinni var fyrst stungið niður í Kaupúni í Garðabæ fyrir jólin 2010 en þá var kveikt í henni á Þorláksmessu. Hún átti síðan eftir að verða eldi að bráð aftur en síðast tókst að bera eld að henni 2016.

Guðný Camilla segist því vona að það sé komið úr tisku að veitast að geitinni með þessum hætti. „Það er voða mikið gert grín að þessu á Twitter og svoleiðis en vonandi fær fólk bara útrás þar.“

Guðný Camilla rifjar síðan upp hópamyndun á Facebook 2019 þegar tæplega 5.000 manns boðuðu komu sína á viðburðinn: Kveikjum í geitinni, þau geta ekki stöðvað okkur öll. „Það var búið að stefna fólki hingað eitthvert kvöldið en það varð ekkert úr því.“

Geitarinnar er þó engu að síður enn vel gætt allan sólarhringinn enda allur varinn svo sem góður.

Guðný Camilla bætir aðspurð við að hún telji fólki almennt vera farið að þykja frekar vænt um geitina og virðist geta sýnt henni hlýhug án þess að kveikja beinlínis í henni. „Hún fær vonandi bara að fá að vera í friði.“ ■



Prándur Þórarinnsson gerði örlög geitarinnar ódaðleg fyrir jólin 2017.

PÁLL EGILL WINKEL / MBL

„Ákaflega áhrifarík.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„Þetta er lítil perla sem vel má hugsa sér að lesa aftur og aftur.“

STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR / VIKAN

„... ég kláraði bókina án þess að leggja hana frá mér. Ég grét líka með ekkasogum yfir öllum síðari hluta hennar.“

GRÉTA SIGRÍÐUR EINARSDÓTTIR / VÍÐSJÁ

EINAR KÁRASON

ÞUNG SKÝ

Þung ský fjallar um hrikalegt slysið við ysta haf og örlagaríkan björgunarleiðangur



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

## LAUFABRAUÐ

eftir norðlenskri uppskrift



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Stílabók

GEFÐU GJÖF TIL HEILLA HEILLAGJAFIR.IS

Barnaheill

## Svaf betur á meðan hún saumaði sér uppplut

Leikkonan Edda Björg Eyjólfsdóttir einsetti sér að vera búin að sauma sér uppplut íslenska þjóðbúningsins áður en hún yrði fimmtug. Takmarkinu er náð og hún segir verkefnið hafa verið andlegt ferðalag og hún sé hvergi nærri hætt.

svavamarin@frettabladid.is

Edda Björg Eyjólfsdóttir leikkona verður fimmtug í júlí á næsta ári og setti sér háleitt markmið fyrir þau stóru tímamót, að sauma sér uppplut íslenska þjóðbúningsins. Hún segir verkefnið hafa verið afar heilandi, haft róandi áhrif á hana og bætt svefninn svo eitthvað sé nefnt.

„Það eru allir með svona fimmtíu tinda. Ég verð fimmtug á næsta ári og ákvað að setja áskorun á sjálfa mig,“ segir Edda og bætir við að hún hafi alltaf verið með þessa hugmynd í höfðinu.

Edda ólst upp hjá ömmu sinni og afa en amma hennar var mikil saumakona. „Það var mikill saumaskapur í minni barnæsku og er þetta leið til að tengjast við mína kærú ömmu. Þetta er svo mikil heilun og kærleikur um leið og maður finnur jafnvægi hjá sjálfri sér.“

## Heltekin af verkefninu

Edda Björg var á sínum tíma í Hamrahliðarkórnum þar sem hún klæddist ávallt uppplut eða peysfötum á tónleikum.

„Síðan þá hefur mig langað til að eignast minn eigin uppplut, en hafði þó ekki dottið í hug að ég myndi sauma hann sjálf.“

Á ferðalagi í sumar ákvað hún að láta slag standa og skráði sig því á kvöldnámskeið hjá Heimilis-íðnaðarfélaginu undir handleiðslu Jófríðar Benediktsdóttur, kjóla- og klæðskerameistara.

„Ég keyrði fram hjá á hverjum degi og hugsaði með mér að ég yrði að fara að skrá mig,“ segir Edda sem fer fögnum orðum um Jófríði sem leiddi hana í gegnum ferlið og tók hana í aukatíma. „Ég hefði ekki getað gert þetta án hennar.“

## Kom sjálfri sér á óvart

„Ég varð alveg heltekin af þessu og var alveg sjúk í að fara inn í þennan heim. Á þessum tíma saumaði ég fram á kvöld og var ekkert í tölvunni. Ég hlustaði á fréttirnar í útvarpinu og á hljóðbækur. Ég fann hvað kom mikil kyrrð og ró í líkamann og svaf meira að segja betur,“ segir Edda.

„Ég kom sjálfri mér alveg sjúklega á óvart,“ bætir hún við og upplýsir að



Edda Björg náði takmarki sínu á hægu andlegu ferðalagi.

MYND/ADSEND



Jófríður Benediktsdóttir ásamt nemendum við útskrift hjá Heimilis-íðnaðarfélaginu í 19. og 20. aldar þjóðbúningum.

MYND/ADSEND



Ég varð alveg heltekin af þessu og var alveg sjúk í að fara inn í þennan heim.

næsta verkefni sé að klára faldbúninginn, treyju, kraga, og annað pils.

Aðspurð svarar Edda að það taki um þrjú ár að klára allt verkefnið. „Maður lætur þolinmæði og dyggð vera leiðarljós og hugsar að allt hafi sinn tíma og viðurkennir að ég valdi ekki auðveldasta verkefnið, þar sem flauelið dansar ofan á efninu,“ segir hún og hlær.

Edda segist þó vera komin í ákveðinn ham og hana langa næst að læra á pianó og jafnvel ríffa upp frönskuna. „Sumir hafa farið á Úlfarsfell fimmtíu sinnum fyrir fimmtugt, en ég sauma þjóðbúning,“ segir hún stolt. ■

## Lagfærð augnlok yfir grímunum

ninarichter@frettabladid.is

Kári Knútsson, lýtalæknir og einn eigenda Klíníkurinnar, segir að mögulega megi rekja aukna ásókn Íslendinga í augnlokaaðgerðir á þessu ári til grímunotkunar. Fyllingarefni í varir halda þó vinsældum sínum og í slíkum tilfellum nýtir fólk grímurnar til að hylja bólur og mar á meðan bataferli stendur.

„Augnlokaaðgerð er ein algengasta aðgerð sem gerð er,“ segir Kári um tiskusveiflur í lýtaaðgerðum á Íslandi.

Hann segist finna fyrir aukningu á slíkum aðgerðum, en auk þess



Kári Knútsson, lýtalæknir og meðeigandi á Klíníkinni

segir hann „klassískar aðgerðir,“ halda vinsældum sínum. Hann nefnir í því samhengi brjóstaaðgerðir af ýmsu tagi, „svuntuaðgerðir“, þar sem laus húð á maga er fjarlægð, og fitusog.

Hann segir fólk vissulega nýta

sóttvarnagrímur til þess að hylja bólur og mar eftir smærri aðgerðir á munnsvæði, svo sem fyllingarefni í varir eða botox.

Kári segir þó fólk helst sækja í fyllingarefni í tengslum við viðburði. „Fólk fer gjarnan í svona, ef það er að fara á sólarströnd eða í einhverja veislu eftir eina eða tvær vikur,“ segir hann.

Aðspurður hvort hin sívinsælu fylliefni og bótoxmeðferðir séu jólagjöfin í ár, segir Kári svo ekki vera. „Þessi jól endurspeglar ekki klassísk jóla, út af Covid,“ segir hann. „Ég held að fólk biði með að fara, á óvissutímum núna, í kóvidinu.“ ■

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING  
á Hringbraut



Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hranar Helgason, [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is)  
Arna Rut Kristinsdóttir, [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)



TÆKIFÆRI TIL AÐ

# PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í DESEMBER

# STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

[pizzahut.is](http://pizzahut.is) - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



## Bakþankar

Hauks Arnar  
 Birgissonar



## Sagan endalaus

Munið þið eftir drengnum Bastian sem las töfrabókina um hetju-dáðir Atreyus sem geystist um á baki risahvuttans Falkor? Allt undir ljúfum tónum Limahl. Mér fannst Sagan endalaus stórkostleg kvikmynd en þegar ég horfði á hana aftur, þrjátíu og sex árum síðar og þá með börnunum mínum tveimur, hafði myndin elst hræðilega. Þá fyrst leið mér eins og hún væri endalaus. Um svipað leyti og börnin horfðu á Bastian þá var önnur saga að hefjast, sem einnig virðist nú ætla að verða endalaus.

Fyrstu Covid-smitin kölluðu á harðar aðgerðir sem takmörkuðu verulega frelsi fólks. Allt var þetta fyllilega skiljanlegt enda var óvissan algjör. En eftir því sem Covid-misserunum hefur fjölgað þá hafa stjórnvöld reynt treg til að sleppa tókunum, sem þau sögðu að væru tímabundin. „Brátt fáid þið frelsið ykkar aftur.“ En svo er dregin ný lína í sandinn.

Sagt er að engar ráðstafanir ríkisstjórna séu eins varanlegar og þær tímabundnu. Í sögunni hafa valdhafar verið tregir til að gefa eftir völd sín og veita fólki frelsið, sem það eitt sinn hafði. Það virðist alltaf vera einhver ný mikilvæg ástæða fyrir frekari höftum.

Alls hafa 35 Covid-smitaðir látist frá upphafi, þar af aðeins sjö einstaklingar undir sjötugu. Til samanburðar létust 28 manns úr influensu árin 2017 og 2018. Sem sagt, svipaður fjöldi á svipað löngu tímabili. Nú eru nær allir bólusetttir og 99,5% þeirra sem smitast og eru bólusetttir veikjast ekki alvarlega. Þrátt fyrir þetta, með vísan til smittalna og vanbúins spítala, er frelsinu haldið frá okkur og við hlýðum í þeirri von um að fá það bráðum aftur. ■

## ★ GERIÐ GÆÐA & VERÐSAMANBURÐ ★

# FULLKOMIN ÞÆGINDI

um jólin



BODYPRINT  
 Reverie  
 Sleep well. Live better tomorrow.

## STILLANLEG HJÓNARÚM

MEÐ BODYPRINT DÝNU  
 - EIN ALLRA BESTA HEILSUDÝNA Í HEIMI

Verð frá kr. 539.900.-

## GHENT

HANDGERÐ HEILSURÚM  
 - FYRIR ÞÁ ALLRA KRÖFUHÖRÐUSTU

FYLD'S  
 The Belgian Bed

Verð birt með fyrirvara um innsláttarvillur og/öðru breytingar.

## RÚMFÖT Í ÚRVALI

Í SVÖRTU  
 KÖSSUNUM



## DURANCE JÓLAILMUR 2021



## Fallegar jólagjafir FRÁ SVEFN & HEILSU



Einstakar ullarsængur & koddar



Dúnsængur & koddar



Fallegir náttloppar



Vönduð handklæði



## PANDORA HÆGINDASTÓLAR

HLEÐSLUSTÓLL MEÐ  
 3 MÓTORUM

Verð frá kr. 249.900

FALLEG  
 HÖNNUN OG  
 ÞÆGINDI

## Svefn & heilsa

★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu



BALDURSNESI 6 - AKUREYRI



VERSLUN & OUTLET - LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233

BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150

OPIÐ virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga frá kl. 12-16

UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | svefnogheilsa.is



UM FJÓRÐUNGUR LANDSMANNA SEFUR Á DÝNU FRÁ SVEFN & HEILSU\*  
 \*Samkvæmt könnun frá Gallup.

FRÉTTABLAÐIÐ  
 35% LANDSMANNA  
 ÞÁ SÉR REGLULEGA SKYNDIBITA  
 49% LESA  
 FRÉTTABLAÐIÐ  
 ERT ÞÚ AÐ NÁ TIL RÉTTA FÓLKSINS?

FRÉTTABLAÐIÐ  
 Með því að auglýsa í Fréttablaðinu og á frettabladid.is nærðu til rétta fólksins.

\* Skv. Neyslaskönnun Gallup. \*\* Búar á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 35-65 ára lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali, skv. prentmælingum Gallup.